

2. tölublað, 10. árgangur. Nóvember 2014

FRÍMÚRARINN



Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Fjörtíu ára draumur rættist í Eyjum



Fylgist með nýjustu
tilboðunum á

facebook



Nýtt og enn betra
Kjötborð

Höfum ávallt full kjöt- og
fiskborð af nýju og fersku
góðgæti fyrir þig og þína

Heitur matur í hádeginu
alla virka daga

Jólamatur í úrvali

Villibráð s.s. hreindýr, gæs, önd, krónhjörtur, antilópa, fasani og fleira
Hangikjöt, svínabógur, hamborgarhryggur og okkar eigin paté

Persónuleg þjónusta í hlýlegu umhverfi.

Kíktu í heimsókn, við tökum vel á móti þér.

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (VII)
olafurs@grantthornton.is

Pétur S. Jónsson (VII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VI)
thor12@ru.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VIII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Vestmannaeyjar.
Ljósmynd: Rúnar Hreinsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Spennandi starfsár

Starfið í Reglunni hófst með krafti síðari hluta september og er ánægjulegt að sjá þróttinn og gleðina í starfi bræðranna. Reglu-starfið er fjölbætt en grunnurinn og markmiðin óbreytt. Eitt af því ánægjulega er að sjá hversu duglegir bræður eru að heimsækja aðrar stúkur en sína eigin, fyrst og fremst innan okkar Reglu en einnig eru bræður sífellt á ferð erlendis og heimsækja þar stúkur. Slíkar heimsóknir eru gefandi og fróðlegar og venjulega til mikillar ánægju.

Ég heyri stundum bræður sem heimsækja stúkur erlendis innan sænska kerfisins nefna að allt sé ekki alveg eins og sumir hafa spurt mig af hverju samræming síðabálka hafi ekki skilað sér.

Því er til að svara að samræming síðabálka, sem unnið var að á síðasta áratug, átti aldrei að tryggja að hvert smáatriði í framkvæmd síðabálka væri samræmt heldur hitt að efni síðabálkanna væri eins. Ég held að þeir sem hafa skoðað málið séu sammála um að textar og efnisinnihald séu í nær öllum tilvikum nú samræmd. Textarnir geta stundum verið misjafnlega langir og ræður þar oft tungumálið og málhefð í viðkomandi landi. En bræður innan sænska kerfisins, hvaða Reglu sem þeir tilheyra, eiga nú að þekkja allt sem fram fer á fundum sænska kerfisins, hvar sem er og skiptir þá ekki máli hvort þeir skilji tungumálið til hlítar. En, það er rétt, að smávægilegur mismunur er á framkvæmd einstakra funda bæði innan hvers lands og milli landanna. Þar ráða staðbundnar hefðir og stundum aðstæður.

Stefnmótunarvinna innan Reglunnar er nú langt komin. Mikill fjöldi bræðra hefur komið að þessu starfi á einn eða annan hátt og vil ég nota tækifærið og þakka öllum fyrir þátttökuna og tillögurnar sem fram hafa komið. Sú mikla vinna sem í þetta hefur verið lögð af bræðrunum á að tryggja að niðurstaðan sé vönduð og vel ígrunduð.

Það er eftirvænting í loftinu með niðurstöðurnar og tilhlökkun. Og þegar Stefnmótunarnefndin hefur skilað skýrslu sinni mun Æðsta Ráð Reglunnar fjalla um tillögurnar og taka ákvarðanir um



Valur Valsson.

framkvæmd og forgangsroðun.

Á þessu starfsári verða þrjár nýjar starfsstúkur stofnaðar. Fyrst er að nefna Hörpu á Ísafirði en um miðjan október var henni við hátiðlega athöfn breytt úr fræðslustúku í fullkomna Andrésarstúku. Um miðjan nóvember var fræðslustúkuni Hlé í Vestmannaeyjum breytt úr fræðslustúku í fullkomna Jóhannesarstúku. Harpa hafði starfað sem fræðslustúka í 10 ár en Hlé var stofnuð sem fræðslustúka árið 1985. Á báðum þessum stöðum hefur starfið dafnað vel og bræðurnir lagt mikið á sig til að tryggja góða starfsaðstöðu. Ég óska þeim til hamingju.

Ný Andrésarstúku með aðsetur í byrjun í Regluheimilinu verður stofnuð í lok janúar og er undirbúningur í fullum gangi.

Það er því að venju mikið að gerast í Reglunni og þetta verður enn einn spennandi starfsvetur í Frímúrarareglunni á Íslandi.

Valur Valsson SMR



AFSLÁTTUR



- Úrval kjólfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Kjólföt


- Fjórðing í glæsileika

Þjóðum afslátt af öllum kjólfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarábræður. Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **74.900 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þórólfsson, Bóbo

Sigurður Þórólfsson (Bóbo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Stofnfélagar St. Jóh.stúkunnar Hlés í Vestmannaeyjum.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

St. Jóh.st. Hlér stofnuð í Vestmannaeyjum: Fjörtíu ára draumur rættist í Eyjum

Það ríkti mikil gleði í Vestmannaeyjum þegar langþráður draumur um fullgilda frímúrarastúku rættist þar með fjölmennasta stúkufundi sem nokkru sinni hefur verið haldinn í Eyjum. Stofnfundur St. Jóhannesarstúkunnar Hlés var haldinn af Landsstúkunni laugardaginn 15. nóvember sl. Í máli ræðumanna kom fram hversu lengi þessum draumi hefur verið haldið á lofti og hvað þetta er mikið fagnaðar-efni. Rakin voru stærstu sporin sem stigin hafa verið á þessari löngu leið.

Einnig kom fram að Stórmeistari Frímúrarareglunnar hafi metið það svo að nú skyldi þessi framgangur verða í stúkustarfinu í Eyjum vegna þrotlausrar vinnu og iðjusemi bræðrana í öll þessi ár. Við stofnun stúkunnar eru liðin um 50 ár frá fyrstu lesfundum, nær fjórir áratugir eru liðnir frá stofnun bræðrafélagsins og tæp 30 ár frá stofnun fræðslustúkunnar Hlés.

Ríflega 130 bræður voru mættir og var eftirvænting í þéttskipuðum stúkusalnum þegar fundurinn hófst á

slaginu eitt. Sæti voru fyrir ríflega 80 bræður í stúkusalnum og var skjávarpi í hliðarsalnum fyrir þá sem þar voru umfram. Sá salur hefur verið borðsalur og veislusalur frímúrara í húsinu allt frá því það var tekið í notkun árið 1994. Fyrir þessi tímamót var búið að útbúa tæplega 200 fm sal á annari hæð í húsinu þar sem nú var boðað til bræðramáltíðar við hátíðarborð í til-efni dagsins eftir stofnfundinn. Leikið var á orgelið í stúkunni og stúku-söngurinn, „Heill þér Hlér“, sunginn

pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar



Treflar



Kjólsskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)



Erma- og brjósthappa



Ermahnappar



Ermahnappar



Smeygur



Lindaklemma/
bindisnæla



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Lakkskór (ný tegund)



við raust. En óhætt er að segja að senuþjófurinn hafi verið Múrbandið. Múrbandið er hópur tónlistarmanna úr röðum bræðranna sem sögn og lék Eyjalög af mikilli list. Margir sungu með og líka kokkurinn og stúlkurnar í eldhúsinu. Í Eyjum nær gleðin til allra sem koma saman.

HSM Allan Vagn Magnússon, R&K, var vígslumeistari og stýrði hann fundinum allt til þess að Stm. hinnar nýju stúku, Einar Steingrímsson, tók við hamrinum. Það jók enn á hátíðleikann að Allan Vagn var einn af stofnendum bræðrafélags frímúrarara í Eyjum þegar það var stofnað laust eftir jarðeldana á Heimaey, nánar tiltekið 18. desember 1976. Þessa sögu rifjaði hann upp í ávarpi sínu. Við borðhaldið tóku til máls þeir STR Gunnlaugur Claessen, R&K, sem kallast tengdasonur Eyjanna og Guðmundur Hafliði Guðjónsson, fv. Stj.br. fræðslustúkunnar og kantor. Í máli þeirra kom fram hvernig heiti stúkunnar var hugsað og margt rifjað upp úr langri sögu frímúrarastarfs í Vestmanneyjum. Þá kom einnig fram að þrír af bræðrunum sjö sem áttu saman drauma um stofnun bræðrafélagsins fyrir tæpum fjórtíu árum voru við stofnunina núna. Auk Allans Vagns, sem áður er getið, eru þetta þeir Guðmundur Hafliði og Halldór Guðbjarnarson, fv. Stm. Eddu og nú meðmælandi og ábyrgðarmaður við stofnun Hlés.

Það kom vel fram í þakkarræðum og ávörpum hvað St. Jóh.st. Edda hefur verið góð verndarstúka fræðslustúkunnar Hlés. Annar ábyrgðarmaður Hlés var einmitt Stm. Eddu, Gunnar Þórólfsson. Forveri Gunnars, Sigurður Sigurgeirsson, þáverandi Stm. Eddu, stýrði stofnun bræðrafélagsins og var sá fundur haldinn í turnherbergi Landakirkju. Í gegnum tíðina hafa Eddubrr. utan Eyja verið óþreytandi að koma til vinnu á merku stundum, við upptökur ekki síður en við smíðar. Það fól líka í sér margar góðar samverustundir, vináttu og skemmtan. Hamarshögginn hafa verið mörg á þessari leið og hafa Hlésbræður gætt þess að halda nöfnum ötulustu bræðranna á lofti með myndum og sögulegum munum. Enn í dag funda embættismenn Hlés við borðið sem menn settust við til að stofna bræðrafélagið.

Frímúrarar hafa verið í Eyjum allt frá níttjándu öld ef byrjað er að telja



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Allan Vagn Magnússon, HSM, ávarpar bræðurna. Við hlið hans situr Einar Steingrímsson, Stólmeistari Hlés.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Einar Steingrímsson, Guðmundur Hafliði Guðjónsson, Allan Vagn Magnússon, Gunnar Þórólfsson og Halldór Guðbjarnarson.

Johan Peter Thorkelin Bryde, kaupmann í Eyjum og í Reykjavík, sem lést 1910. Fyrstur Eyjamanna er Gísli J. Johnsen sem gekk í Regluna 1919. Eftir að Páll Bjarnason skólastjóri gekk í Regluna 1924 hafa verið tveir eða fleiri bræður í Eyjum á hverjum tíma. Má m.a. nefna Jón Eiríksson skattstjóra, sem síðar varð einn af stofnendum Akurs. Þannig var það óslitið alveg fram undir Heimaeyjargosið. Síðast fyrir gos voru það sr. Þorsteinn Lúther Jónsson og Karl Jónsson, Kalli í Alföt. Vitað er að þeir byrjuðu 1965 að hittast og halda lesstofu á prestssetrinu við Heiðarveginn. Karl var Mímisbróðir, fæddur 1919 og gekk í Regluna

1959. Hann var ekki aðeins einn af þeim sem byrjuðu starfið heldur var hann síðast með sópinn á lofti að þrifa við framkvæmdir í Frímúrarahúsinu við Básaskersbryggju á fyrsta áratug þessarar aldar og stjórnaði því harðri hendi að peyjarnir færu ekki í of langar kaffipásur.

Í ávörpum manna á stofnfundinum var rifjað upp er fræðslustúkan var stofnuð 16. nóvember 1985. Þá hafði bræðrafélagið vaxið og sextán bræður komnir til starfa í Eyjum. Þann dag kom þáverandi Stm. Eddu, Guðmundur S. Jónsson, ásamt embættismönnum Eddu til að stofna fræðslustúkuna. Af fyrstu embættismönnum



Embættismenn og stofnendur St. Jóh.st. Hlés.

Ljósmynd: Jón Svavarsson

hennar voru fjórir viðstaddir stofnun fullgildrar stúku núna. Þá voru allir fv. Stj.brr., Skæringur Georgsson, Guðmundur Eyjólfsson og Magnús Þór Jónsson meðal stofnfélaga, auk Guðmundar Hafliða.

Það hefur margt breyst til batnaðar í húsnæðismálum frímúrara í Eyjum. En árin í turnherbergi Landakirkju höfðu greinilega gefið mönnum háleita sýn á framtíð stúkustarfsins. Fyrsta húsið keyptu bræðurnir saman að Kirkjubæjarbraut 17 og hefur því verið lýst í Frímúrarnum 2010 undir fyrirsögninni „Stúka rís úr ösku“. Hefur sú saga hlotið verðskuldaða at-
hygli.

Í síðast mánuði lést br. Stefán Snæbjörnsson og var þess minnst hvað hann lagði mikið til stúkunnar, bæði hvað varðar stúkumerki og skjöld, auk teikninga stúkusalanna tveggja. Eitt síðasta verk hans var endurhönnun stúkumerkisins og skjaldarmerkis Hlés. Og enn er stúkusalurinn óbreyttur á Kirkjubæjarbraut 17 og þar býr einn stofnfélaganna, Arnar Hjaltalín og kona hans.

Merki Hlés og nafni stúkunnar



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Gunnlaugur Claessen, „tengdasonur Eyjanna“, ávarpar bræður við borðhaldið.

var lýst við vígsluna. Tillagan að nafni Hlés er upphaflega komin frá Magnúsi Má Lárussyni, föður Allans Vagns. Hlér er annað heiti sjávarguðsins Ægis og er eyja ein í Kattegat hluti af tengingum Hlés við eyjar. Sú eyja heitir Læsö eða Hlésey og finnst um hana sögur við upphaf Skáldskaparmáls. Þar þótti Hlé „göfuglegt um að sjást.“ Hlér er það heiti á Ægi sem vísar til mildari persónueinkenna þessa gamla sjávarguðs eða þess er

veitir skjól, hlé, fyrir stormum og ágangi sjávar. Merkið ber öll einkenni þess og yfir alla skjaldarmyndina er ankerið, merki vonar eða ból þeirra skipa sem leita vars.

Stofnendur Hlés eru embættismennirnir Einar Steingrímsson, Már Friðþjófsson, Sigurður Friðbjörnsson, Georg Skæringsson, Jón Ingi Guðjónsson, Sigurlás Þorleifsson, Hallgrímur Gísli Njálsson, Guðmundur Pálsson, Óskar Elías Óskarsson, Sigþór Ingvarsson og Þórarinn Ólason. Stofnfélagar eru 45 auk stofnendanna 11. Hafði Einar orð fyrir Eyjabræðrum og þakkaði af heilum hug traust og virðingu sem stúkunnar er sýnd af Stórmeistara og æstu stjórn Reglunnar. Þakkaði hann bræðrum fyrir afar eftirminnilegan dag, góðar gjafir og rausnarskap. Óskaði hann að lokum öllum þeim sem komu yfir hafið góðrar heimferðar og bauð þá velkomna aftur sem fyrst.

Sr. Kristján Björnsson

Höfðingleg gjöf frá Noregi

Br. Knut B. Teige, IVR Norsku Frímúrarareglunnar, kom færandi hendi til Íslands í byrjun nóvember en þá afhenti hann að gjöf, með kveðju frá Tore Evensen, SMR í Noregi, nærri 300 fræðsluerindi og borðræður sem varðveittar verða á bókasafni Reglunnar. Þessi höfðinglega gjöf var reyndar afhent í tvennu lagi. Fyrri hlutinn var afhentur í Osló þegar br. Kristján Þórðarson IVR, var þar á fundi og síðari hlutinn nú í nóvemberbyrjun.

Br. Teige afhenti þá br. Kristjáni gjöfina í Regluheimilinu en erindin og ræðurnar ná yfir öll stig Reglunnar. og gefa innsýn í hugarheim frænda okkar Norðmanna, þeirra þankagang um fræðin, vangaveltur og almenna fræðslu. Óhætt er að fullyrða að þarna leynist gersemar sem margir eiga eftir að hafa gagn og gaman af að skoða og ljóst að þarna er mikill happafengur á ferð.

Br. Kristján notaði tækifærið og afhenti br. Pétri Kr. Esrasyni, YAR, erindin til varðveislu og þýðingar og er vinna við flokkun þegar hafin af bókaforðum Reglunnar.



Ljósmynd: Rafn Rafnsson

Frá móttökunni í Regluheimilinu. F.v. Þorsteinn Eggertsson St.R., Knut B. Teige, IVR Norsku Reglunnar, Kristján Þórðarson IVR, Pétur Kr. Esrasyni, YAR og Guðmundur Guðmundsson, varaoddviti Fræðaráðs.

Við afhendinguna voru einnig viðstaddir þeir br. Þorsteinn Eggertsson, St.R. og Guðmundur Guðmundsson, varaoddviti Fræðaráðs.

Norsku Reglunni. eru færðar hugleikar þakkir fyrir þessa merku gjöf sem vafalítið á eftir að nýtast bræðrum vel um ókomin ár.

Stefnumótun frímúrara 2014

Senn líður að lokaáfangi verkefnis Frímúrarareglunnar við stefnumótun 2014, í aðdraganda aldarafmælis frímúrarastarfs á Íslandi. Verkefninu lýkur í desember nk. með skýrslu til Stórmeistara Frímúrarareglunnar.

Alls hafa fleiri en 280 bræður tekið virkan þátt í þessu verkefni, frá því að því var hleypt af stokkum í ársbyrjun. Um 20 hópar hafa fjallað um margvísleg svið starfsins, bæði sl. vor og nú í haust, og um þúsund tölvuskeyta hefur flogið bræðra á milli auk símtala, viðræðna og funda.

Nú hafa allir hópar skilað af sér, og næst liggur fyrir stefnumótunarnefndinni sem leiðir verkið að fullvinna og skila af sér skýrslu og



Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson

Jón Sigurðsson DSM.

fylgiskjöllum. Öll þau viðamiklu gögn sem hóparnir hafa unnið verða varðveitt áfram. Vafalaust mun þetta efni þykja athyglisvert eftir marga áratugi.

Væntanlega skilar þetta verkefni talsverðum fjölda tillagna og ábendinga sem teknar verða til skoðunar og afgreiðslu á næsta ári. En auk þess hefur miklum upplýsingum verið safnað saman um starfsemi frímúrara á líðandi stund, um bræðurna sjálfa, um viðhorf þeirra og annarra til Reglunnar og um orðspor hennar í samfélaginu.

Jón Sigurðsson



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Stoltur faðir með sonum sínum. F.v. Lárus J. Atlason, Atli Sveinn Lárusson, Kristinn Ingi Lárusson, Sigurjón Örn Lárusson, Guðjón Hrafn Lárusson og Lárus Helgi Lárusson.

Fimm bræður í Fjölni Fjórar kynslóðir í Reglunni

Þrjú bræður voru teknir inn í St. Jóh.stúkuna Fjölni á sama fundinum þann 21. október sl. Þetta voru þeir Lárus Helgi Lárusson, 36 ára, sem starfar sem verkfræðingur hjá VSO ráðgjöf; Sigurjón Örn Lárusson, 33 ára, og starfar sem endurskoðandi hjá Deloitte í Vestmannaeyjum og Guðjón Hrafn Lárusson, 33 ára, hann starfar sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá Staka - hugbúnaðar- og verkfræðihúsi. Fyrir í stúkunni voru tveir bræður þeirra, Atli Sveinn Lárusson, 42 ára, sem starfar við gæðastjórnun hjá Icelandair og Kristinn Ingi Lárusson, 41 árs, en hann starfar sem forstjóri hjá On-Waves, sérhæfðu símafélagi fyrir sjófarendur. Þeir gengu í stúkuna 25. nóvember 2008.

Faðir þessara fimm bræðra er frímúrurum að góðu kunnur, Lárus J. Atlason, stólmeistari St. Jóh.stúkkunnar Íðunnar. Lárus starfar sem deildarstjóri hjá flugfélaginu Atlanta.

Lárus J. Atlason gekk í St. Jóh.stúkuna Mími þann 23. janúar 1978

og var skráður bróðir númer 379. Við stofnun Fjölnis var hann einn af stofnfélögum stúkkunnar, númer 22. Við stofnun St. Jóh.stúkkunnar Íðunnar var hann einnig meðal stofnenda stúkkunnar, bróðir númer 7.

Innganga bræðranna þriggja í

Fjölni var merkilegur atburður og ekki síður fyrir það, að áður höfðu tveir synir Lárusar gengið samtímis í Fjölni.

Frímúrarinn tók Lárus tali og spurði hann álit.

„Jú, mér þykir þetta merkilegt og þetta var einstaklega ljúf upplifun fyrir mig. Það er að mínu viti ekki síður markvert að langafi þeirra bræðra og afi minn, Helgi Jónasson frá Brennu, gekk í stúkuna Eddu þann 6. mars 1923 og var meðlimur hennar númer 128. Þá gekk afi þeirra bræðra og faðir minn, Atli Helgason, í Mími þann 10. apríl 1961 og var meðlimur hennar númer 135. Ég trúí því að það sé nokkuð sjaldgæft ef ekki einstakt að fjórar kynslóðir í beinan



Atli Helgason
(f. 7.7.1926, d. 18.9.2001).

karllegg gangi í raðir frímúrara. Geri aðrir betur!“

- Hver telur þú helstu gildi Frímúrarareglunnar fyrir unga menn?
„Ætli þau séu ekki bara þau sömu



Helgi Jónasson
(f. 1.1.1887, d. 18.9.1958).

og þegar langafi drengjanna, Helgi Jónasson, gekk í Regluna árið 1923 og þegar afi þeirra, Atli Helgason, gekk í Regluna 1961. Ég held að heiðarleiki standi alltaf uppúr og er sjálfsagt sá

eiginleiki einstaklingsins sem kemur honum hvað lengst í lífinu.

Það er með heiðarleikann eins og önnur kristileg gildi, „það sem ungur nemur gamall temur“.

Þau gildi sem okkur eru kennd barnungum eru að sjálfsögðu tengd menningarlegri umgjörð okkar og því samfélagi sem við ölumst upp í og þar af leiðandi er siðmenning okkar misjöfn eftir því hvar við ölumst upp. Ég hef löngum þróað hinn hæsta höfuðsmið himins og jarðar fyrir að hafa fengið að fæðast einmitt hér á Íslandi en ekki t.d. í Indlandi eða Afganistan, þar sem þjóðfélagsleg gildi og önnur trúarbrögð ráða nánast ríkjum, a.m.k. í Afganistan. Þetta varð mér nokkuð fljótlega ljóst eftir að ég fór að ferðast heimsálfa á milli starfs míns vegna.

Það má segja að hið tvöfalda kærleiksboðorð sé sá kærleikur sem Kristur boðaði eða „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ Ég held að þetta séu einmitt þau gildi sem við viljum flestir tileinka okkur í Frímúrarareglunni,“ sagði Lárus J. Atlason að lokum.

- GM

Ný bók: Musteri lifandi steina – Saga, siðir og stefnumið frímúrara

Lesefni á íslensku um frímúrara er hvorki fjölbreytt né mikið að vöxtum og því vekur það ætíð athygli og eftirtekt þegar nýjar bækur um þetta efni koma út. Eins slík bók kom út nú á haustmánuðum en það er bókin „Musteri lifandi steina – Saga, siðir og stefnumið frímúrara“ eftir Njörð P. Njarðvík og Beru Þórisdóttur, en þau eru í Reglu Samfrímúrara og hafa verið um áratugaskeið.

Bókin er fyrst og fremst lýsing og útskýring á Sam-Frímúrarareglunni og allþjóðlegum frönskum, enskum og bandarískum Reglum en þó er þar kaffi og umfjöllun um Sænska Reglu-kerfið, sem Frímúrarareglan á Íslandi starfar eftir.

Í formála bókarinnar segir:

„Tilgangur okkar er tvíþættur; að



fræða og eyða fordómum, – sem er kannski eitt og hið sama.

Rit um frímúrara á ensku og frönsku eru fjölmörg, svo að þúsundum skiptir. Þau eru mjög mismunandi að efni og áreiðanleika, og oftar en ekki eru þau rituð af sjónarhóli ákveðins þjóðernis og þar með þjóð-

legrar hefðar – eða tengjast beinlínis ákveðinni frímúrarareglu – en þær eru reyndar margar og margs konar í veröldinni.“

Fram kemur í bókinni að þau Njörður og Bera fylgja frásögnum og lýsingum sem fram hafa komið í mörgum erlendum bókum. Eins og áður sagði er bókin fyrst og fremst lýsing á Sam-Frímúrarareglunni en þó er víst að margir bræður úr Frímúrarareglunni hafi gaman og jafnvel gagn af að glugga í þessa bók og bera saman við það sem þeir þekkja úr starfi Frímúrarareglunnar.

Útgefandi bókarinnar er NB Forlag og fæst bókin „Musteri lifandi steina – Saga, siðir og stefnumið frímúrara“ eftir Njörð P. Njarðvík og Beru Þórisdóttur í völdum bókabúðum.



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

Hvers vegna frímúrari?

Þessi grein fjallar ekki um það hvers vegna menn eru eða ættu að vera frímúrarakonungar. Hún fjallar um það hver er hugsanlegur uppruni þess að félagar í félagsskapnum eru nefndir „frímúrarakonungar“.

Hefð er fyrir því að rekja upprunasögu frímúrarahreyfingarinnar til stofnunar svonefndrar stórstúku (Grand Lodge) í London og Westminster árið 1717. Fjórar starfandi stúkur á þessu svæði stóðu að stofnun stórstúkunnar sem varð frumhvatinn að þeim samtökum stúkna á Englandi sem nú nefnist Enska stórstúkan (United Grand Lodge of England). Stórstúkur voru brátt stofnaðar í Írlandi (1725) og Skotlandi (1736) og frímúrarahreyfingin breiddist út til annarra landa. Sögulegum heimildum um starfsemi stúkna fyrir tíma þessara stórstúkna er ábótavant, en talið er víst að iðngildi (guilds) eða stúkur (lodges) steinsmiða og steinhöggvara

miðalda hafi verið forverar síðari tíma frímúrarakonungastúkna. Gert er ráð fyrir að fækkun starfandi steinsmiða hafi orðið til þess að öðrum var veitt innganga í stúkur gömlu múrarakonunganna og með tímanum hafi eiginleg starfsemi múrarakonunganna (operative masonry) vikið fyrir huglægru múrarakonungunni (speculative masonry) eða frímúrarakonungunni (freemasonry).

Rétt er að benda strax á að íslenska orðið „frímúrari“ er bein hliðstæða við orðin sem notuð eru í tungumálum nálæggra landa, svo sem á dönsku „frimurer“, norsku „frimurer“, sænsku „frimurare“ og þýsku „freimaurer“. Á Englandi, Skotlandi og Írlandi er þó oftast notað orðið „mason“ og í Bandaríkjunum ýmist „mason“ eða „freemason“. Íslenska orðið er því orðrétt þýðing og engin ráðgáta. Ráðgátan snýst um það hver er uppruni enska orðsins „freemason“. Tekið skal fram að fyrsta grundvallarskipan ensku stórstúkunnar frá 1723 notaði

ýmist orðin „masons“, „free-masons“ eða „accepted free masons“ um meðlimi sína.

Í heimildum um starfsemi enskra múrarakonunganna fyrir stofnun Ensku stórstúkunnar má finna ýmis starfsheiti, meðal annars var greint á milli þeirra sem unnu grófan stein úr steinnámum, þeirra sem hjuggu grófa steininn til, þeirra sem hlóðu veggj úr tilhöggnum steini og þeirra sem formuðu listfengar steinmyndir. Það flækir að auki málið að þrjú tungumál voru þá í notkun á Englandi. Latína var notuð í trúarlegum ritum og textum og við kirkjulegar athafnir. Franska var mál stjórnkerfisins og aðalsins og mikið notuð í opinberum skjölum, reglugerðum og lögum. Enska var mál almennings og að sjálfsgöðu mikið notuð í samskiptum manna á meðal og í almennu rituðu máli og textum. Í latínutextum frá síðmiðöldum mátti meðal annars finna steinsmiðaheitin „sculpt-

or lapidum liberorum“, „latomus“ (eða lathomus) „iberarum petrarum“ og „cementarius“, í frönskum textum „macon“ eða „macon de franche-peer“ (eða „franche-pierre, franche pere“) og í gömlum enskum textum „mason“ eða „freemason“ („free mason, free-mason, „fre mason, frie mason“). Latnesku orðin urðu ekki beinar fyrirmyndir heita í ensku, en benda má á að latneska lýsingarorðið „liber“ merkti laus eða frjáls og franska orðið „franche“ merkti sennilega hið sama.

Í ritgerðum enskra fræðimanna frímúrarara má finna ýmsar hugmyndir og tilgátur um það hver sé hinn eiginlegi uppruni orðsins „freemason“ og hvað orðið hafi merkt í hinum gömlu textum múraranna. Talið er víst að síðari hluti orðsins, „mason“, sé kominn úr frönsku „macon“ og hafi þar einfaldlega merkt steinsmiður eða múrari. Um uppruna fyrri hluta orðsins „free“ eru hins vegar skiptar skoðanir og verður hér getið helstu hugmyndanna.

Frjáls

Fyrsta skýringin vísar til þess að í hinum gömlu skyldum múraranna („old charges“) var tekið fram að ekki mætti taka ófrjálsan mann (þræl eða mann skuldbundinn sínum vinnuveitanda) sem múraralærling. Skýringin er athygli verð en hvílir á fremur veikum grunni. Sumir hafa einnig bent á hugsanleg tengsl við enska orðið „freeman“, sem mun hafa verið notað í enskum borgum um fullgilda meðlimi hvers samfélags, svo sem safnaðarmeðlimi kirkna.

Önnur skýring er sú að múrarinn hafi mátt nefna sig frjálsan eftir að hann hafi lokið náminu og var orðinn fullgildur meðlimur iðngildis. Hann var þá frjáls til að taka að sér verkefni í eigin nafni og hugsanlega frjáls að eigin hugmyndum sem steinlistamaður (myndhöggvari).

Þriðja skýringin er sú að lærðir múrarar hafi getað fengið svæðisbundin réttindi að námi loknu, þ.e. réttindi til frjálsra starfa í eign nafni samkvæmt þeim reglum sem giltu innan borgar- eða héraðsmarkna.

Sem fjórðu skýringu hefur verið bent á að flokkar múrarara eru taldir hafa starfað utan borgar- og héraðsmarkna, ferðast milli svæða og hugsanlega milli landa til að taka þátt í stórum verkefnum, og verið þannig frjálsir frá staðbundnum tilskipunum og reglu-



Ljósmynd: Ljósmyndasafn FRMR/Guðmundur Skúli Viðarsson

gerðum. Sumir fræðimenn telja að steinsmiðir, sem unnu við klaustur- og kirkjubýggingar, hafi starfað á ábyrgð kirkjunnar og þannig verið frjálsir frá þeim skyldum sem yfirvöld á hverjum stað lögðu þeim annars á herðar sem sjálfstæðum verktökum í iðn sinni.

Bróðir

Ein skemmtileg en líklega fremur léttvæg skýring er sú að orðið „freemason“ hafi orðið til sem eftirlíkning og misskilningur á frönsku orðunum „freremacon“ sem í beinni þýðingu verða „bróðir múrari“ eða „múrara-bróðir“. Við getum að minnsta kosti látið okkur þykja vænt um þessa tilraun til skýringar.

Freestone

Sú skýring sem líklega hefur notið mestrar hylli meðal fræðimanna frímúrarara er að orðið „freemason“ sé tilkomið vegna samruna orða og niðurfellingar orðhluta úr samsetta heitinu „freestone mason“. Steinninn

„freestone“ er fínkorna steintegund, sem hægt var að höggva og forma án hættu á sprungum og broti og mynda þannig steinskreytingar hvers konar og stytur. Með þessari skýringu fylgja oft tilvísanir í opinber gögn sem aðgreina þá steinsmiði sem unnu hin vandasamari verk („freemasons“) og fegnu hærrí laun, og þá sem aðallega fengust við að höggva til grófa steina í hleðslur („roughmasons“) og fengu lægri launin.

Aldur

Heitið „freemason“ kemur fyrir í ýmsum opinberum gögnum á Englandi allt frá síðari hluta fjórtándu aldar og vísar þá til steinsmiða. Það er ekki algengt í þeim gömlu handritum („The Old Charges“) frá fjórtándu, fimmtándu og sextándu öld, sem frímúrarar síðari tíma eigna félagsskapnum, en á sautjándu öld virðist heitið fá þá merkingu sem við nú þekkjum best.

Jóhann Heiðar Jóhannsson



Carl Michael Bellman (1740–1795) leikur á sítar á málverki eftir Per Krafft 1779.

Bellman var einn af okkur

Vissir þú að Bellman var frímúrarari? Væntanlega vissirðu að hann er eitthvert þekktasta vísnaskáld Svía fyrr og síðar og lög hans og textar samofnir sænskri þjóðarsál eins og kjötbollur, tréklossar og munntóbak. Ef til vill veistu að hann er höfundur Gamla Nóa, þótt ekki hafi hann keyrt kassabíl í upprunalegu útgáfunni; sennilega ekki verið í ástandi til þess, því að Gamli Nói Bellmans var hneigður fyrir vín.

Ekki er á neinn hallað þótt því sé slegið föstu að Íslendingar geti helst þakkað Sigurði heitnum Þórarinssyni

jarðfræðingi fyrir að hafa kynnst Bellman í óbrennlaðri mynd. Sigurði leist satt að segja ekki á blikuna, þegar hann skrifaði í Andvara árið 1969: „Í nærfellt tvær aldir hafa lög Bellmans stytt íslenskri þjóð stundir, og á hún honum því þakarskuld að gjalda. En illu heilli urðu sumar ljóðperlur hins mikla skálds viðskila við lögin á leiðinni yfir Íslandsála, en aðrar hlutu hér miður sæmilega meðferð. Því er skáldið Carl Michael Bellman Íslendingum ókunnara en skyldi.“

Sigurður tók til óspilltra málanna við að þýða sönglög Bellmans af smekkvísi og fleiri hafa lagt gjörva hönd að verki. Um aldamótin síðustu gekk Bubbi Morthens í þennan söngvasjóð og gaf út á plötu.

Af hverju frímúrari?

Bellman var sem sagt uppi á 18. öld, 4. febrúar næstkomandi verða liðin 255 ár frá fæðingu hans. Hann var af menntafólki kominn og gekk enda menntavegin, elstur fjórtán systkina, sem komust ekki á legg nema sjö. Snemma fór hann að fikta við þýðingar á bundnu máli og þróaðist í bæði framúrskarandi söngvaskáld og mikilvirkt. Hann varð fljótt þekktur í Stokkhólmi fyrir söng og strengjasmátt.

Í samnefndu norsku systurblaði Frímúrarans velti Thor Skott Hansen fyrir sér hvernig á því stóð að Bellman varð frímúrari, hann sem nútímamenn tengja fremur við drykkjuvísur og satíriskan kveðskap en frímúraradyggðir. Eftirfarandi er að mestu samantekt á hugleiðingum hins norska bróður, en nógu miklu stungið inn í texta hans og frá honum vikið til að greinarhöfundur þykist verða að gangast við fullri ábyrgð á honum.

Konungssöngur og tilviljanir

Bellman lét ungur hvert tækifæri til metorða á fætur öðru fram hjá sér fara. Hann lét reka á reiðanum. Hann mátti þakka gáfum sínum fyrir að sigla seglum þöndum endrum og sinnum en oftast mætti honum andbyr, einkum vegna óreiðu í fjármálum og slarks. Eitt sinn flúði hann lánardrottna sína til Noregs og varð að laumast yfir landamærin því að hann hafði verið sviptur vegabréfi. Upp úr þessu varð hann gjaldþrota. Hann lét sér það þó ekki að kenningu verða heldur var alla tíð skuldseigur í meira lagi.

Stærstan hluta lífs síns var hann ríkisstarfsmaður. Hann naut velvilja hins listelska konungs Gústafs III. Þannig bar það til, snemma árs 1772, að hann orti vísu sem hét Gústafs skál. Í henni var konungurinn hylltur. Bellman var þá orðinn nafntogaður lagasmiður. Í ágúst þetta sama ár braut Gústaf III veldi aðalsins á bak aftur með stjórnlagarofi. Þá var Bellman staddur á eyju þeirri eða borgarhluta í Stokkhólmi sem Skipshólmi heitir og kenndi nokkrum flotaliðsforingjum að syngja Gústafs skál.

Gustafs skál!

Den bäste Kung, som Norden äger:

Han ej tål,

At vigtskåln ojämt väger.

:||: God och glad,

Han Ilskans röst föraktar

Samt afvaktar

Och betraktar

Dårskap i sin grad. :||:

Besti konungur Norðurlanda þolir ekki misrétti, sungu þeir og lyftu glösum.

Litlu síðar vildi svo til að kóngur átti leið hjá og sungu þeir sönginn hástöfum honum til heiðurs. Gústaf III varð svo hrifinn að hann spurðist fyrir um höfundinn sem var upp frá þessu kominn undir verndarvæng konungs. Gústafs skál varð eins konar konungssöngur stjórnartíðar hans.

Bellman og Frímúrarareglan

Samkvæmt annálum sænskra frímúrarara var Carl Michael Bellman tíður gestur á öldurhúsunum Zelling og Pelíkani. Þangað vöndu frímúrarar komur sínar. Á síðarnefndu kránni hóf hin nýstofnaða Andrésarstúka Carls Friedrichs Eckleff starfsemi árið 1759. Hér fengu þeir sali

leigða, héldu fundi og snæddu kræsilegar bróður máltíðir. Á þessum tíma var samband Bellmans við reglur af þessu tagi fremur stírt. Hann hafði stofnað Bakkusarregluna árið 1766, vinguðinum til heiðurs og þeim til háðungar, sem voru félagar í hinum ýmsu reglum, sem vinsældu nutu í þann tíð, þ. á m. auðvitað frímúrarum.

Ástæða er til að ætla að Gústaf III Svíakonungur og hirðin hafi haft áhrif á að Bellman gekk til liðs við Frímúrararegluna. Árið 1773 var skáldið kvatt á konungsfund í höllinni til að setja á svið óperu sína *Fiskimennina*, uppfærslu sem heimildir herma að hafi ekki heppnast ýkja vel. Aftur á móti fannst kónginum gaman að vísu Bellmans og fór fram á að hann kæmi á hverjum miðvikudegi til að spila og syngja fyrir hirðina. Vikulegar heimsóknir Bellmans í konungshöllina vöktu bersýnilega lukku. Gústaf III veitti honum 100 dala árlega þóknun og lét ráða hann sem hirðritara hjá Númerahappdrættinu með 1.000 dala árslau.

Með hliðsjón af stöðu Bellmans innan hirðarinnar verður að teljast afar líklegt að hún hafi leitt til þess að hann sótti um upptöku í Frímúrararegluna. Konungurinn var æðsti verndari Reglunnar og bróðir hans, Karl hertogi, Stm.

Árið 1776, þremur árum eftir að Bellman var kallaður á fund konungs í fyrsta sinn, gerðist hann frímúrari í „7. Jóhannesarstúkunni“ í Stokkhólmi, en hún starfaði á árabílinu 1760–1797. Ári eftir það fékk hann frömun til meistara. Eftir því sem segir í sænsku uppflettiriti um Frímúrararegluna mun ekkert vitað annað um frímúrarastarf vísna-skáldsins.


Skin og skúrir

Listagyðjan kyssti Bellman en lukkuðisinn ekki. Árið 1777 gekk hann að eiga Lovísu Fredriku Grönlund sem var fimmtán árum yngri en hann. Með henni átti hann fjóra syni. Á fyrstu árum hjúskapar þeirra fór að síga á ógæfuhliðina. Rithöfundurinn Johan Kellgren, sem var innvígður og innmúraður við hirðina, gagnrýndi Bellman og gerði lítið úr honum. Eftir þetta urðu samskipti þeirra konungs stopulli. Bellman féll það þungt. Jafnframt átti hann statt og stöðugt í vandræðum með peninga og vegna veislugleði sinnar. Ljósíð í myrkrinu var að Kellgren breytti afstöðu sinni til skáldsins til hins betra.

Svo virðist sem frímúrarabróðir hafi snarast í leikinn og gert honum lífið bærilegra eftir margra ára þrautir. Olof Åhlström var tekinn upp í stúkuna St:Erik árið 1779, 23 ára að aldri, en hann átti síðar eftir að verða talinn með helstu tónskáldum Svía. Hann varð söngstjóri í landsstúkunni og stofnaði sitt eigið útgáfufyrirtæki. Sem útgefandi varð hann því sem næst einráður á sínu sviði í Svíþjóð og Finnlandi. Åhlström varð þannig einhver valdamesti maður í sænsku tónlistar- og menningarlífi á sínum tíma, ekki síst vegna góðra tengsla sinna við konunginn og hirðina.

Bellman hafði í mörg ár vonast til að geta gefið út pistla Fredmans (Fredmans Epistlar) eftir sig með nótum. Úr þeim báki er t.d. hið undurfagra lag Bellmans *Sem príuðbúin hjarðmey*. Því varð það Bellman mikið gleðiefni þegar Åhlström ásamt forleggjaranum Eric West bauðst til að prenta og gefa út þetta höfuðverk skáldsins í heild sinni. Pistlarnir komu út 1790 og söngvar Fredmans 1791. Bellman hafði náð takmarki sínu og hlaut fyrir vikið hin eftirsóttu Lundblads-verðlaun hjá Sænsku akademíunni.

*Gustafs skál!
Den bästa Kung, som Norden äger:
Han ej tål,
Att vigtskåln ojämt väger.
:||: God och glad,
Han Ilskans röst föraktar
Samt afvaktar
Och betraktar
Dårskap i sin grad. :||:*



Bellman á mynd eftir Sergel 1792.

Glasið runnið út

Á efri árum Bellmans urðu dauðinn og fallvaltleiki honum áleitíð yrkisefni. Sigurður Þórarinnsson taldi bestu kvæði hans af þeim toga 30. pistil Fredmans, *Drick ur ditt glas, se döden på dig väntar*, Íslendingum kunnur í þýðingu Hannesar Hafstein (*Flýtt þér drekk út, sjá dauðinn búinn bíður*), og 21. söngur Fredmans, *Så lunka vi så småningom*. Sigurður var á þeirri skoðun 1969 að þýðing Jóns Helgasonar prófessors á honum hefði verið eina þýðing Bellmanskvæðis á íslensku sem fyllilega sæmði frumtextanum, og því væri verk að vinna að því leyti til:

*Svo endar hver sitt ævisvall
og yfirgefur skál og kút
er gellur dauðans grimma kall:
þitt glas er runnið út.
Þú hrumur fauskur, hækju fleyg!
og haf þú ráð mitt, ungur sveinn:
ef flírar stúlkan fagureyg
þá fylgdu henni einn!
Ef þér virðist gröfin gína köld
þá er gott að fá sér staup í kvöld,
auktu svo einu við, öðru við, tveimur við,
það örvar hugrekkid!*

Vonleysi einkenndi síðustu ár Bellmans. Gústaf III var skotinn í óperunni árið 1792 í hefndaraðgerð aðalsmanna og lést af sárum sínum viku síðar. Verndari og velunnari skáldsins var dáinn. Bellman hlaut sæti í sænsku tónlistarakademiunni en peningamálin voru áfram í ólestri og stefnunum fjölgaði. Hann var skuldum vafinn eins og skrattinn skömmunum, á hrakhólum með fjölskyldu sína og endaði í skuldafangelsi árið 1794. Þetta var upphafið að endinum. Þegar honum var gefið frelsi var hann sjúkur maður og óskaði eftir að ráðsmaður annaðist fjármál hans. Niðurlægingin var alger. Í febrúar 1795 andaðist Carl Michael Bellman úr berklum, þá nýorðinn 55 ára. Glasið hirðskálds og reglubróður var runnið út. Hann var jarðaður í Klara kirkjugarði og lét eftir sig bláfátæka fjölskyldu sem hafði ekki efni á legsteini á leiði hans.

En Bellman hafði verið á réttum stað á réttum tíma með réttan boðskap. Það skilaði honum inn fyrir hallarmúrana og inn í musterið. Hann safnaði sér ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir, en þær söngperlur sem eftir hann liggja halda áfram að auðga mannlífið um ár og aldir.

Þór Jónsson



Ljósmynd: Bjarki Friðbergsson

Allan V. Magnússon HSM ásamt Ingimari Halldórssyni, Stm. Hörpu, á stofnfundi stúkunnar á Ísafirði.

Stofnfundur St. Andrésarstúkunnar Hörpu á Ísafirði

Laugardagurinn 18. október 2014, rann upp hægur og fallegur á Ísafirði. Aðeins ein áætlunarflugvél kemur frá Reykjavík á laugardögum, svo það vakti nokkra undrun og forvitni bæjarbúa þegar Fokker og Twin Otter flugvélar komu til landingar upp úr klukkan níu um morguninn. Þar voru á ferð um 60 bræður frá Reykjavík og Akureyri til að vera viðstaddir vígslu Andrésarstúku á Ísafirði, þeirrar fimmtu á landinu.

Mikil vinna hefur verið innt af hendi af bræðrunum á Ísafirði til að fullgera húsið við Kristjánsgötu

en á Ísafirði hefur verið starfandi fræðslustúka á St. Andr.stigi frá 22. maí 2004; fyrst undir stjórn bróður Snorra Hermannssonar, sem án efa má kalla föður St. Andr.stúkustarfsins á Ísafirði og síðustu tvö ár undir forystu bróður Ingimars Halldórssonar, sem nú tekur við fullgildri St. Andrésarstúku

Stofnfundurinn hófst stundvíslega kl. 11:00 á I°og fór að öllu leyti fram í St. Jóh. stúkusalnum. Mikið fjölmenni var í húsinu og var fundinum varpað á skjá fram í forsalinn þar sem á fimmta tug bræðra sátu og fylgdust með.

Alls sátu 135 bræður stofnfundinn, sem stjórnað var í upphafi af Allan V. Magnússyni, HSM. Við fundinum tók síðar br. Ingimar Halldórsson, sem skipaður var Stm., dyggilega studdur af öðrum embættismönnum Hörpu.

HSM ávarpaði nýjan Stm. og bræður inni í stúkusalnum og svaraði Stm. þar sem hann m.a. þakkaði það traust og þann trúnað sem honum og bræðrunum var sýndur með stofnun stúkunnar og skipanir í embætti.

Fyrstu embættismenn fullgildrar St. Andr.stúkunnar Hörpu eru:


Stm.: Ingimar Halldórson, Vm.:

Garðar Sigurgeirsson, Am.: Marinó Hákonarson, E.Stv.: Gunnlaugur Gunnlaugsson, Y.Stv.: Halldór Antonsson, Rm.: Óli M. Lúðvíksson, R.: Sveinbjörn Björnsson, Sm.: Barði Öundurson, Fh.: Einar Guðmundsson, L.: Þórir Örn Guðmundsson, E.Stú.: Þorsteinn Bragason, Y.Stú.: Bergmann Ólafsson og S.: Samúel Jón Einarsson.

Pegar fundi lauk rétt fyrir kl. 14:00 var gert hlé og gafst bræðrum þá tækifæri til að skoða öll húsa-kynnin, sem eru hin glæsilegustu, þó enn sé ekki öllu verkinu lokið. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í frekari framkvæmdir á næstu misserum. Að skoðunarferð lokinni hófst bróður-máltíð, sem Stm. Hörpu stýrði. Þá voru hin nýju stúku færðar veglegar gjafir, sem bræður á Ísafirði þakka fyrir.

Bróðurmáltíðinni var slitið rétt fyrir kl. 17:00 og örfáum mínútum síðar fóru flugvélarnar tvær með bræður á leið til Reykjavíkur og Akureyrar í loftið og hver hélt til síns heima.

Óhætt er að segja að stofnfundurinn hafi tekist frábærlega í alla staði og eru bræður á Ísafirði stoltir af því að hafa nú fullgilda St. Andr.stúku, þá fimmtu í röðinni innan Frímúrara-reglunnar.



Ljósmynd: Bjarki Friðbergsson

Birgir Ágústsson, fv. Stm. Huldar á Akureyri og Snorri Hermannsson, fv. St.br. Fræðslustúkunnar Hörpu.



Ljósmynd: Bjarki Friðbergsson

Snorri Hermannsson, fv. Stjórnandi bróðir fræðslustúkunnar Hörpu og Ingimar Halldórsson, Stm. Hörpu.



Ljósmynd: Bjarki Friðbergsson

Njálubræðurnir Sigurður Hafberg, Arnór Jónatansson, Guðni Ásmundsson og Roelof Smelt.



Ljósmynd: Bjarki Friðbergsson

Garðar Sigurgeirsson, Vm. Hörpu, Sigurberg Guðjónsson og Sveinbjörn Björnsson fagna stofnun Hörpu.

Hér birtist fjórða og síðasta greinin um dygðirnar fjórar: þagmælsku, varúð, hófsemi og miskunnsemi.



Ljósmynd: Bjarni Ómar Guðmundsson.
Séra Hjálmar Jónsson.

Séra Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprestur gekk í St. Jóh.st. Rún 20. apríl 1983. Hann var kennimaður Fræðslustúkunnar Mælifells 1986-1995 og stofnfélagi í Frímúrararastúkunni Mælifelli 2001. Eftir að hann gerðist Dómkirkjuprestur gekk hann í Mími árið 2002. Þar var hann ræðumeistari 2002-2007 og varameistari 2007-2013. Þá var hann Yfirkennimaður í Landsstúkunni 2007-2013. Séra Hjálmar fékk heiðursmerki Mímis árið 2004.

Miskunnsemi

Hvað er miskunnsemi? Er hún einstök góðverk, tilvik þar sem stuðningur er veittur fólki sem er hjálparþurfi? Það er vissulega ein dýrmæt hlið miskunnseminnar. En okkur hættir til þess að líta svo á að það sé miskunnsemin öll. Miskunnsemi er miklu stærri og dýpri en það. Hún er hluti af lífsþroskanum, sem maðurinn getur aflað sér á lífsins leið. Hún er ávöxtur þess sem manni getur tekist að tileinka sér með því að rækta góða eiginleika sína. Ég þekki ekki aðra betri aðferð til þeirrar ræktunar en kristna trú.

„Verið miskunnsamir eins og yðar himneski faðir er miskunnsamur,“ segir meistarinn frá Nazaret. Hann minnir líka á þann rauða þráð Gamla testamentisins að Drottinn hafi engan áhuga á helgihaldi eða brennifórnum sér til heiðurs ef miskunnsemina vanti. „Miskunnsemi þrái ég en ekki fórn,“ er viðkvæðið í því helga riti. Amos, fyrsti ritspámaðurinn, tekur dýpst í árinna þegar hann mælir fyrir munn Drottins á tímum miskunnarleysis og harðýðgi: „Ég hata, ég fyrirlít hátíðir yðar. Burt með glamur sálma þinna sem aðeins er hávaði. Ég vil ekki heyra hörpuleik þinn. Réttvísi skal streyma fram sem vatn og réttlæti sem sírennandi lækur.“

Miskunnsemi verður ekki leidd í lög en miskunnarleysi er hindrað með löggjöf. Svo ágæt sem hvers kyns félagsleg þjónusta er, sú sem opinberir aðilar veita, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir, þá verður hún aldrei altæk. Hún er öryggisnet samfélagsins, eins og öll kerfin sem eru smíðuð og mótuð fyrir velferð þegnanna í hverju landi. Hún er grunnþjónusta sem samfélagið tryggir hverjum einstökum, en hún

tryggir hvorki heill né hamingju. Þótt sífellt sé leitast við að bæta kerfin, koma á meiri réttvísi og gegnsærra réttlæti, verður það verk seint fullkomnað. Þar mun alltaf velta mest á framgöngu og samskiptum fólks í milli. Miskunnsemi í orðum, miskunnsemi í dómum í daglegu lífi, varúð og hófsemi í umfjöllun um menn og málefni.

Miskunnsemi er að mæta þjáningunni með athöfn, án skilyrða, án þess að spyrja spurninga um forsendur, sögu, uppruna, stétt, stöðu, ætt eða þjóðerni. Hún er sammannleg, þjáningin og hún gleymir engum. Þar eru allir jafnir.

Hugsjón miskunnseminnar, ástríða virks kærleika, ætti að verða okkur eiginleg til þess að vinna gegn þessum sameiginlega vanda allra manna. Harmsaga mannkynsins er samt sú, að viljinn til líknar er takmarkaður, annað er talið mikilvægara, önnur verk brýnni. Að baki liggur ekki illur vilji, heldur það að jarðneskt lífsstríð með öllu sínu amstri og basli, hefur innprentað máltækið að hver sé sjálfum sér næstur.

Jón Sigurðsson forseti mælti þessi orð:

„Það er, því miður og hefir lengstan aldur verið heimskuleg meining manna, að einum mætti standa á sama hvernig öðrum liði... En þessu er ekki þannig varið... Ef svo væri þá væru öll boð kristinnar trúar um mannelsku og aðstoðarsemi ekki nema hégómi og eintómur misskilningur. Öll óregla og ógæfa bæði manna og þjóða er komin af því, að menn hafa ekki gætt nema að sjálfum sér og einmitt með því gætt allra síst að sjálfum sér.“

Listaverk í eigu Frímúrarareglunnar á Íslandi

Sigurgeir Sigurðsson biskup

Við höldum áfram göngu okkar að Jóhannesarsalnum í Regluheimilinu í Reykjavík og komum að málverki af þrekknum manni, björtum yfirlits, með festu og ró í svipnum. Málverkið er eftir Eggert Guðmundsson listmálara og viðfangsefnið er Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands 1939 til 1953.

Sigurgeir fæddist 3. ágúst 1890 í Túnprýði á Eyrarbakka. Foreldrar hans voru Sigurður Eiríksson regluþófi og Svanhildur Sigurðardóttir, hin ágætasta húsfreyja og móðir. Hann lauk stúdentsprófi vorið 1913 og embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 1917. Þá um haustið vígðist hann aðstoðarprestur séra Magnúsar Jónssonar á Ísafirði. Árið eftir fékk hann veitingu fyrir Ísafjarðarprestakalli. Jafnframt þjónaði hann Bolungarvík til ársloka 1925, er hún var gerð að sérstöku prestakalli. Hann var prófastur í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní 1927. Biskup yfir Íslandi var hann skipaður frá 1. janúar 1939 og var vígður til biskups 25. júní 1939 og gegndi því embætti til æviloka.

Skömmu eftir vígslu sína, 17. nóvember 1917, kvæntist hann Guðrúnu Pétursdóttur frá Hrólfs-skála á Seltjarnarnesi.

Sigurgeir gaf sig mjög að félagsmálum þegar hann flutti vestur og mátti um hann segja að hann lét sér ekkert manlegt óviðkomandi í prestakalli sínu. Eitt þeirra félaga sem hann tók virkan þátt í var Frímúrarareglan.

Árið 1924 höfðu sex menn búsettir á Ísafirði gengið í St. Jóh.st. Eddu. Þetta voru þeir Björn Magnússon símstjóri, Sigurgeir Sigurðsson sóknarprestur, síðar biskup, Magnús Sch. Thorsteinsson bankaútibússtjóri, Magnús Magnússon kaupmaður, Tryggvi Jóakimsson, kaupmaður og vísikonsúll og Otto Gruntvig lyfjafræðingur, er þá var á Ísafirði. Vegna erfðra samgangna milli Reykjavíkur og Ísafjarðar var þessum bræðrum nær ókleift að sækja fundi St. Jóh.st. Eddu um vetrartímam. Óskuðu þeir því að stofnuð yrði St. Jóh. fræðslustúka á Ísafirði, svo að þeir gætu stundað frímúrararfræðin þar. Stjórn Eddu ritaði Stúkuráði um beiðni þessa í bréfi dags 28. ágúst 1924 og mælti hið besta með henni, taldi bræðurnar á Ísafirði eiga kost á ódýru og hentugu húsnæði þar á staðnum, og kvað Sigurgeir Sigurðsson vel hæfan til að

takast á hendur formannsstarfi í stúkunni. Í bréfi dags 27. okt. 1924 skýrði Stúkuráð frá því, að V.V.S. hefði 21. sama mánaðar samþykkt að á Ísafirði sé stofnuð fræðslustúka (bræðrafélag) undir leiðsögn og eftirliti St. Jóh.st. Eddu og að br. Sigurgeir Sigurðsson sé skipaður formaður fræðslustúkunnar. St. Jóh. fræðslustúkan Njála var síðan stofnuð 2. júlí 1925. Sigurgeir gegndi formannsstarfi fræðslustúkunnar til ársins 1939, er hann fluttist til Reykjavíkur til að taka við biskupsembættinu. Á frímúrararferli sínum gegndi Sigurgeir ýmsum embættum, bæði í St. Jóh.st. Eddu og St. Andr.st. Helgafelli ásamt því að vera í bráðabirgðayfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi, frá 10. september 1940, sem stofnuð var vegna hernáms Danmerkur. Bráðabirgðayfirstjórn var síðar breytt í Æðsta ráð og var Sigurgeir þá gerður að oddvita Góðgerðarráðs. Við stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi var honum veitt tign R&K og varð hann Æðsti kennimaður Reglunnar og gegndi því embætti til dauðadags.

Sigurgeir Sigurðsson biskup lést á heimili sínu þann 13. október 1953, sextíu og þriggja ára að aldri. Útför hans fór fram frá Dómkirkjunni með mikilli viðhöfn 21. október 1953. Var hún ein sú fjölmennasta og veglegasta, sem haldin hefur verið í Reykjavík. Um hundrað prestar gengu hempuklæddir fyrir kistu biskups, og var það fagur vottur um ástsældir hans.

Ljósmyndasafn FRMR/Guðmundur Skúli Viðarsson



Við útför Sigurgeirs flutti sr. Sveinn Víkingur húskveðju, sr. Óskar J. Þorláksson las ritningarorð og sálmavers, sr. Ásmundur Guðmundsson flutti þakkarorð frá Prestafélagi Íslands og sr. Jón Auðuns flutti líkræðu.

Minningargreinar rituðu m.a. sr. Ásmundur Guðmundsson og sr. Þorsteinn Jóhannesson. Aldarminningu rituðu sr. Ólafur Skúlason, sr. Örn Friðriksson, og sr. Hjörtur Hjartarson. Til að gefa örlitla innsýn í hið yfirgrípsmikla kirkjustarf Sigurgeirs og hve dáður hann var af samtíðarmönnum sínum, fylgja hér eftir stuttar tilvitnanir í þau minningarorð og skrif sem um hann fjölluðu.

„Menn hlutu að að hrifast af þessum glæsilega manni, sem var í senn svo höfðinglegur og svo ljúfur og alþýðlegur, sem sameinaði glaðværð, kímniþáfu og auðmýkt frammi

fyrir Guði sínum. Menn heilluðust af bjartsýni hans, sem var svo samtengd djúpri lotningu fyrir alvöru tilverunnar í lífi og dauða.“

„Hann hafði mikinn áhuga fyrir tónlist, sem hann taldi að sameinað gæti menn í tilbeiðslu á undursamlegan hátt. Hvar sem hann kom, vann hann að eflingu söngmála, og fyrir hans áhuga var stofnað embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, sem átti eftir að móta mjög alla kirkjulega starfsemi og reynast mjög blessunarríkt.“

„Herra Sigurgeir var brennandi hugsjónamaður. Eg hef engan mann þekkt annan sem hafði eins stórkostlegt lag á að vekja hjá öðrum eld hrifningar og hugsjóna.“

„Eitt sinn ræddi biskupinn við mig um merkan kirkjunnar mann. Sagði hann að það væri dapurlegt hve litlar mætur margir prestar virtust hafa á þessum manni, eins og þetta væri þó mætur maður. En skýringin væri líklega sú að þessi maður hefði það fyrir fasta reglu að treysta engum manni fyrr en hann hefði sannprófað hann. Síðan sagði hann hugsandi eins og við sjálfan sig, „Eg hefi alltaf breytt gagnstætt þessu. Eg hef það fyrir fasta reglu að sýna hverjum manni fullt traust uns annað kemur í ljós. Eg hef orðið fyrir vonbrigðum. En það er hætta, sem maður verður að taka, því þetta er eina leiðin til að kalla fram hið besta hjá hverjum einstaklingi.““

„Þjóðin hefur misst andlegan leiðtoga, en eigi að síður er ríkarí fyrir það, að hafa átt hann. Hún á og geymir hugljúfar minningar um sinn ástsæla biskup, og frá innsta dal til ystu stranda berast þakkir, hlýhugur og hluttekning hingað í dag, eins og vermandi blær til ykkar ástvinanna og til hans, sem vér erum að kveðja.

Kirkjan hefur misst biskup sinn, prestarnir fyrirmann sinn, sem jafnframt var þeim vinur og bróðir. En fyrir starf hans er kirkjan sterkari og auðugri en áður, og ávaxtanna af áhuga hans og óeigingjörnu starfi mun hún njóta um langa framtíð. Og prestarnir, þeir hafa auðgast af kynningunni við hann og starfinu með honum. Brennandi áhugi hans, einlægnin, hjartahlýjan, hlaut að snerta streng í hverju óspilltu hjarta. Það er ekki hægt að sitja við eldinn, án þess að hlýna. Jafnvel steinninn getur það ekki. Og biskupinn átti eldinn, eldinn í hjartanu, eldinn sem brann til hinstu stundar. Hann var aldrei hálfvolgur. Hann var brennandi í andanum. Stundum kann að hafa sviðið undan bersögli hans. En engan vildi hann að óþörfu eða viljandi særa eða hryggja. Og engan vissi ég fúsari til að bjóða fram bróðurhöndina til sátta, og þá ekki einn fingur heldur alla höndina. Enginn gat trúað sterkar en hann á gildi og sigur þess sanna og góða í alheiminum og í hverri sál. Þess vegna var hann svo bjartsýnn á menn og möguleika. Engin vonbrigði gátu svipt hann þeirri bjartsýni, en þau ollu honum oft hljóðri þjáning. Hann var starfsins maður. Hann skildi mikilvægi þess, að vinna meðan dagur er og gjöra vilja síns himneska föður. Hann tók vökuna fram yfir svefninn, starfið fram yfir hvíldina. Hann kunni ekki að hlífa sér. Og á vettvangi starfsins hneig hann, þegar kallið var komið.“

„Eg sé fyrir mér ungan prest, og nú er messudagurinn hans úti í Bolungarvík, langa leið frá heimilinu hans á Ísafirði. Á Djúpinu byltist hrönn við hrönn, hrynjandi sjóir með drifhvítu trafi banna veikum báti leiðina. En ungi presturinn býr sig samt að heiman. Fótgangandi fer hann fleiri klukkustunda gang yfir urðir og kungur, yfir sveifbólginn björg, yfir ófærur og illræmdan veg. Í kirkju sína kemur hann á réttum tíma, og þessa ferð er hann búinn að fara svo oft, að sóknarfólkð er hætt að undrast prestinn, sem lætur engar hættur tálma för sinni, þegar skyldan býður að heilagt messuemb-

ætti skuli flutt. Löngu síðar kom hann sem biskup á þessar slóðir, þegar hinn hættulegi vegur til Bolungarvíkur var opnaður, og vígði mikinn steinkross, sem reistur hafði verið þar sem hætta á veginum er mest. Það biskupsverk vann hann með sérstakri gleði, því sjálfur var hann sannfærður um að fyrir kraft krossins hefði hann þrásinnis komið heill til byggða úr þessum ferðum. Þegar ég skoða þessa mynd af Sigurgeiri Sigurðssyni, sé ég fyrir mér karlmennið, fullhugann, ég sé fyrir mér biskup, klerk og mann, sem var postula Drottins að skapi, postulanum, sem reit: „Verið ekki hálfvolgir í áhuganum, verið brennandi í andanum.“ „Allt hjá yður sé í kærleika gjört.“

Á tveim tungum getur ekki leikið, að með biskupsdómi hans hefst nýr áfangi í sögu kirkju vorrar, sem bar á ýmsan hátt nýjan svip. Það var fjarri skaplyndi hans að ganga að öllu gamlar og trúðnar brautir. Menn voru honum engan veginn ævinlega sammála um allt í biskupsstjórn hans. Jafnvel ekki vinir hans. Til þess var hann of djarfur og stundum of berorður. Hann var alla ævi ungi presturinn, sem lagði fótgangandi á ófæruveginn út til Bolungarvíkur og lítt tjáði að letja.“

„Hann átti ásamt hinum landskunna söngstjóra og tónskáldi, Jónasi Tómassyni, mestan þátt í því tónlistarlífi og þeirri söngmennt, sem þróaðist á Ísafirði, á þessum árum. Sunnukórinn og kirkjukór Ísfröinga var mörgum Vestfirðingum, er til Ísafjarðar komu, opinberun, sem ekki gleymdist, og hvatti aðra söfnuði og einstaklinga til samtaka og samstarfs til eflingar kirkjusöngs og tónmenntar almennt. Frá fyrstu prestskaparárum séra Sigurgeirs bar hann þá hugsjón í brjósti að efla og fegra kirkjusönginn í landinu, svo að í hverri kirkju mætti hljóma hreinn og fagur kórsöngur, sem lyfti hjörtunum í hæðir og færði Guði lof og þakkargjörð. Barnafræðslu rækti séra Sigurgeir af frábærri elju og samvísuksemi. Hann var kennari í kristnum fræðum við barnaskólann á Ísafirði og hin leiðandi hönd í K.F.U.M. og annarri kristilegri æskulýðsstarfsemi bæjarins. Einnig studdi hann bindindisstarfið hér vestra með ráðum og dád. Séra Sigurgeir var allra manna glaðastur í hópi vina sinna. Það gat enginn verið hnípinn eða hljóður í návist hans. Hann var alltaf brennandi í andanum, fullur af áhugamálum og áformum, sem hann vildi hrinda í framkvæmd. Ósjálfrátt hreifst maður með hinum leiftrandi áhuga hans og hugsjónum. Hann kunni tókin á því að hressa aðra og gleðja og opna augu þeirra fyrir björtum hliðum lífsins og vekja hjá þeim von og trú, jafnvel þegar mest syrti í álinn. Óhætt er að fullyrða, að séra Sigurgeir naut óvenjulegra vinsælda í söfuð sínum. Glæsímennska hans, alúð og ljúfmennska við hvern sem var snart hjörtun og hreif hugi manna. En samt urðu menn að koma á heimili prófastshjónanna á Ísafirði til þess að skilja til fulls orsakir þeirra ástsældar, er þau nutu þar. Á heimili séra Sigurgeirs og frú Guðrúnar Pétursdóttur lék um mann sú hlýja, vinsemd og gestrisni, sem seint mun gleymast þeim, er þangað komu. Það hefir verið sagt, að biskupsheimilið í Reykjavík, heimili þeirra hjóna, hafið verið gestrisnasta heimili landsins. Þótt húsakynnin væru risminni á prófastsheimilinu á Ísafirði, þá var hjartahlýjan, einlægnin og ástúðin hin sama.“

Sigurgeir og Guðrún eignuðust fjögur börn. Eitt barna þeirra, séra Pétur Sigurgeirsson, fetaði í fótspor föður síns og var veitt tign R&K og var Æðsti kennamaður Reglunnar 1982-1994. Pétur var kjörinn biskup Íslands árið 1981 og gegndi því embætti til ársins 1989. Séra Pétur Sigurgeirsson lést árið 2010.

Ólafur G. Sigurðsson

Máttur góðverka

eftir Pétur S. Jónsson

Góðverk hafa fylgt mannskepnunni alla tíð. Að gera eitthvað fyrir aðra án þess að þiggja eitthvað í staðinn eru væntanlega flestir sammála um að sé eitt af því sem markar mennsku okkar og aðskilur okkur frá þorra annarra dýra á jörðinni.

Við virðumst hreinlega forrituð til þess að hjálpa öðru fólki, jafnvel þótt við þekkjum það ekki neitt, og við tilheyrum mjög litlum hópi spendýra sem það gera.

Góðverk taka á sig ýmsar myndir, allt frá peningagjöfum til bágstaddra og þeirra sem í nauð eru, frá skipulögðum aðgerðum þúsunda manna og kvenna til lítilla einfaldra hluta svo sem smágreiða og viðvika. Meira að segja geta bros og hrós auðveldlega flokkast sem góðverk, þótt þau ættu auðvitað að tilheyra öllum okkar samskiptum eins mikið og mögulegt er. Góðverk þurfa nefnilega alls ekki að vera stór til að skipta máli því það er hugurinn og frumkvæðið sem máli skipta. Og oft er það sem okkur sýnist lítið sjálfum, stórt í augum þess er þiggur.

Ástæður okkar fyrir framkvæmd góðverka eru af misjöfnum toga, allt frá sterkri samkennd með öðrum til úthugsaðra leiða til að laða að okkur viðurkenningu og athygli, og allt þar á milli.

Jákvæðar hliðarverkanir

Að gefa fjármuni eða tíma okkar til góðra verka fyrir aðra til þess að láta eitthvað jákvætt af okkur leiða, er svosum næg umbun út af fyrir sig. En jákvæðar hliðarverkanir góðverka eru fleiri, og margar þeirra mjög áhugaverðar, og hafa verið vísindalega rannsakaðar. Niðurstöður sumra þessarra rannsókna koma skemmtilega á óvart.

Þegar við gerum góðverk, framleiðir heiladingullinn hormónið



oxytocin, sem meðal annars er leyst úr læðingi við ástundun kynlífs og brjóststaggjöf mæðra. Þetta hormón skapar vellíðunartilfinningu og hlýju og opnar okkur fyrir tengingu við annað fólk. Rannsóknir sýna að lítill skammtur af þessu hormóni eykur örlæti og gjafmildi okkar og lætur okkur finna til sterkari samkenndar með öðrum.

Segulmælingar á heilastarfsemi hafa sömuleiðis sýnt fram á að þegar við gefum peninga til góðgerðarmála, örvum við sömu heilastöðvar og virkjast þegar við tökum við umbun og upplifum ánægju, njótum listar og fegurðar og neytum vímuegja. Þessi niðurstaða þótti staðfesta við séum þannig gerð að gjafmildi okkar sé hreinlega umbunað líkamlega.

Sömuleiðis hefur verið sýnt fram á með atferlisrannsóknnum að þegar við erum heppin eða lendum óvænt í ánægjulegum aðstæðum, sem oft eru ekki merkilegri en að fá smágjöf eða finna peningaseðil, erum við mun líklegri til að hjálpa öðrum í kjölfarið. Hamingjusamt fólk gefur meira. Og verður fyrir vikið hamingjusamt. Þarna á sér stað ánægjuleg hringrás sem enginn tapar á.

Rannsóknir hafa einnig leitt að því líkur að störf að góðverkum geri

þá sem að þeim starfa síður líklega til þess að þjást af þunglyndi, og að þeir upplifi sig sem sterkari einstaklinga. Árið 2008 var gerð tilraun við Viðskiptaháskólann í Harvard, sem sýndi á frekar afgerandi hátt að þátttakendur rannsóknarinnar höfðu meiri ánægju af því að eyða fjármunum í aðra en sjálfa sig, þrátt fyrir að hafa sjálfir spáð fyrir um það gangstæða. Svipuð niðurstaða kom úr annarri tilraun þar sem fólki var gert að gera skipulega og reglubundið 5 góðverk á dag í sex vikur.

Það eru þannig sterkar vísbendingar á lofti um að ósýngirnir geti á sinn hátt verið lykill að bættri heilsu og hamingju.

Félagslega hliðin

Félagsleg hlið góðverka er einnig mikilvæg. Að gefa eflir samkennd og tengir fólk. Þegar við gefum er líklegra að okkur sé gefið til baka. Stundum af þeim sem við gefum, stundum af öðrum. Gjafmildi eykur traust milli manna og styrkir bönd þeirra á milli. Að hjálpa fólki í nauð stækkar heimssýn okkar og gerir okkur að mikilvægari hlekk í keðju samfélagsins. Hvort sem við gefum af okkur út af tengingu við málefni sem standa okkur nærri, af pólitísk-

„Það er kannski fallegra að hugsa til þess að fólk vinni góðverk sín á bak við tjöldin, og vilji að góðir hlutir komi fyrir aðra án þess að móttakandi finni til skuldar, og án þess að upphefja sjálft sig. Það eru jú sönn góðverk, laus við alla eigingirni.“



um ástæðum eða trúarlegum, geta afleiðingar þess að takast á við að leysa vandamál samfélagsins gefið mikið af sér til baka til okkar persónulega og aukið vellíðan okkar. Og þetta er nokkuð rökrétt, ef við berum ábyrgð í samfélagi okkar, gerum við allt sem við getum til þess að það sé betra. Það þjónar hagsmunum okkar allra til lengri og skemmri tíma. Aðstæður okkar eru misjafnar og efnahagur einnig, en það er erfitt að ímynda sér þær aðstæður þar sem við getum ekki látið gott af okkur leiða með því að gefa tíma, vinnu eða veraldlega hluti til þurfandi aðila. Þar að auki fylgir því oft mikil persónuleg fullnæging að hjálpa til að berjast gegn sjúkdómum og aðstæðum sem vinafólk eða ættingjar hafa látist af eða þjáðst af. Þannig leggjum við okkar af mörkum til þess að minnka líkurnar á að sömu hlutir og hentu þá sem okkur þótti vænt um hendi aðra á sama hátt.

Með því að gefa, fylgjum við einnig gullnu reglunni um að koma fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur. Á eigingjarnan hátt má líka segja að þegar við látum gott af okkur leiða ávinnum við okkur virðingu og þakklæti annarra, og þar með jákvæðni á báða vegu.

Hvert er hið sanna góðverk?

En hvert er þá hið sanna góðverk? Er það þegar við sýnum góðvild sem hefur engan tilgang nema sjálfa sig? Er það þegar við vinnum að góðum hlutum á bak við tjöldin? Eða þegar við gerum það fyrir allra augum? Um þetta má deila, en vissulega eru margar hliðar á umræðunni.

Til dæmis mætti segja að þegar fyrirtæki skreyta sig góðverkum í þeim einum tilgangi að kaupa sér góðvild og jákvæða umræðu, sé um að ræða mjög eigingjarnt form góðvildar, þó að vissulega gagnist góðu verkin viðtakendum þeirra.

Það er kannski fallegra að hugsa til þess að fólk vinni góðverk sín á bak við tjöldin, og vilji að góðir hlutir komi fyrir aðra án þess að móttakandi finni til skuldar, og án þess að upphefja sjálft sig. Það eru jú sönn góðverk, laus við alla eigingirni.

En það er líka margt upp úr því að hafa að gera góðverk okkar sýnileg öðrum, því að það getur hvatt aðra til góðra verka.

Góðverk eru nefnilega af fyrrgreindum ástæðum þeirrar náttúru að þau fjölga sér á ógnarhraða, gerendum og þiggjendum til gleði og ánægju, sem er kannski helsta ástæð-

an fyrir því að við ættum að leggja stund á þau skipulega og kröfuglega og eins og um íþróttagrein sé að ræða. Við hjálpum ekki einungis þeim sem á þurfa að halda, heldur smitast þessi afstaða okkar í keðjuverkandi öldum út í samfélagið. Þannig geta góð verk okkar haft áhrif á tugi eða jafnvel hundruð annarra til að þeir láti gott af sér leiða líka, og það er svo sannarlega eftirsóknarvert og risastórt skref í að gera heiminn betri um leið og við leysum úr læðingi hamingjutilfinningu hjá okkur sjálfum.

Birtingarmynd kærleika

Það má segja að góðverk séu ein birtingarmynd kærleika. Að góðverk sé kærleikur gerður sýnilegur með framkvæmd. Og eðli kærleikans er jú að teygja sig út fyrir eigið svið, og sameinast öðrum.

Heilbrigðara líf. Hamingjusamara líf sem skiptir semferðamenn okkar máli, og vitneskjan um að hafa skilið heiminn betri eftir störf okkar. Ef þetta eru mögulegar afleiðingar skipulagðrar góðverkastarfsemi, er þá eftir nokkru að bíða?



Hópurinn innan við aðalinnganginn í páfahöllina í Avignon.

Snorrabræður feta í fótspor riddara í Suður-Frakklandi

Riddarar og riddarasögur hafa löngum fangað hugi ungra manna, jafnvel svo að lengi eimir eftir. Nægir í því sambandi að minna á sögurnar um Ívar hlújárn, Ríkharð ljónshjarta, Parsival – síðasta musterisriddarann – og Prins Valiant. Sú hugmynd að efna til ferðar Snorrabræðra til S.-Frakklands tók að þróa sl. haust en kveikjuna að ferðinni má þó rekja til ferðar undirritaðs með Glitnisbræðrum til Skotlands árið 2004 með viðkomu í Rosslyn-keppunni. Margskonar hugleiðingar hófust þar, m.a. fyrir tilstuðlan bókar Dan Brown Da Vinci lykillinn, svo sem um hugsanlegan felustað fjársjóðs Muste-
 risriddarareglunnar og annarra leyndardóma hennar. Leiðir þeirra hugleiðinga lágu m.a. til Rennes-le-Chateau, lítils staðar í S.-Frakklandi sem þykir hjúpaður miklum leyndardómum. Við nánari skoðun kom í ljós að S.-Frakkland, og þá sérstaklega héruðin Languedoc og Rousillon eru, auk rómaðrar náttúrufergurðar, matar- og vinnmenningar, full af minjum og minningum um Rómverja og riddara miðalda svo að segja má að sagan drjúpi þar af hverju strái. Svæðið er



Forhlið kastala Musterisriddaranna í La Couvertoirade

því mjög áhugavert til söguskoðunar.

Gerð voru drög að ferðaáætlun og undirtektir kannaðar. Ákveðið var að sá sem þetta ritar og Stefán Arngrímsson yrðu fararstjórar. Í boði voru 54 sæti og seldist ferðin upp á svipstundu. Flogið var til Barcelona síðla dags 19. september þar

sem rúta beið hópsins og síðan var ekið sem leið liggur til Carcassonne, lítils bæjar í Languedoc. Þar gistum við allan tímann á ágætu hóteli. Carcassonne er eldgamall bær, frá því löngu fyrir Krist, mjög fallegur, og hefur á aðra hlið sér virki sem líka er eldgamalt (á heimsminjaskrá UNESCO) og á hina hliðina eina af mörgum höfnum Canal du Midi (á heimsminjaskrá UNESCO), sem er skipaskurður grafinn á 18. öld til að tengja Miðjarðarhaf við Atlantshaf.

Henry Lincoln leiðsögumaður

Carcassonne var í þjóðbraut allra helstu herja miðalda þannig að eldar kraumuðu þar oft. Einnig kemur borgin mjög við sögu í herferð páfans Innocentíusar III. gegn Albigeníum eða Kaþörum sem voru kristinn

sértrúarsöfnuður sem páfi ákvað að uppræta fyrir meinta villutrú. Þótti herferð hans gegn þeim með eindæmum blóðug.

Næst lá leiðin til Rennes-le-Chateau, lítils þorps sem orðið er víðfrægt í gegnum „fantasíubókmenntir“ eins og *The Holy Blood and the Holy Grail* eftir m.a. Henry Lincoln en hann var einmitt sérstakur leiðsögumaður okkar um staðinn og kynnti okkur hugmyndirnar sem liggja að baki frægð Rennes-le-Chateau sem meints vörslustaðar fjársjóða Muste-
 risriddarareglunnar. Hvað sem um þær hugmyndir má segja reyndist Henry Lincoln vera málsnjall, rök-
 fimur og brennandi í trú sinni á mikilvægi staðarins í þessu samhengi og alls svæðisins og greip þar m.a. til lengdar- og hornamælinga máli sínu til stuðnings (minnti nokkuð á Einar Pálsson). Lincoln, sem er Breti búsettur í Frakklandi, 84 ára gamall, lágvaxinn, grannur, sykursjúkur stórreykingamaður, gerði heimsókn okkar til Rennes-le-Chateau ógleymanlega. En hvað sem öllum „fantasíubókmenntum“ viðvíkur stendur eftir að í þessu litla þorpi er óvenju vel

búin kirkja, prestssetur, gríðarstór verönd og bókaherbergi sem byggt var upp snemma á síðustu öld í umsjá prestsins Bérenger Saunieré. Hvaðan kom honum fé til þess?

Páfahöllin í Avignon

Næst var haldið til Avignon, aðseturs sjö páfa á 14. öld. Það var Klemens V. sem flutti aðsetur páfa þangað frá Róm. Borgin stendur á austurbakka Rhone-árinnar og tilheyrði þá konungdæminu Arles sem var utan Frakklands. Páfahöllin, aðliggjandi þorp og brúin yfir ána sem tengdi páfahöllina við Frakkland, er allt á heimsminjaskrá UNESCO. Eftir rúmlega 3ja tíma rútuförð byrjuðum við á að næra okkur en fórum síðan með tveimur leiðsögumönnum um höllina. Ljóst er að hún má muna fífil sinn fegurri því að vandalar hafa farið ránshendi um húsakynni og muni. Höllin var í eigu páfa fram að frönsku byltingunni í lok 18. aldar.

Mikið starf hefur verið lagt í lagfæringar og endurheimt þess sem áður var á síðustu áratugum og má nú vel með aðstoð mómela gera sér grein fyrir allri dýrðinni og hún var ekki lítil. Ekki hefur páfi ávallt settið á friðarstóli því það dylst ekki að höllin hefur jafnframt verið virki. Þorpið umhverfis höllina er mjög skemmtilegt, smáhýsi með fjölda veitingastaða og minjagripaverslana. Þegar komið er út fyrir virkisvegginn sem umlykur höllina og þorpið blasið Rhone-áin við og brúin yfir til Frakklands sem var hentugur staður sem tollhlíð.

Á leiðinni „heim“ frá Avignon stoppuðum við til að skoða vatnsbrúna frægu sem Rómverjar byggðu á 1. öld e. Kr. til að leiða vatn til virkja sinna við Nimes. Brúin (á heimsminjaskrá UNESCO), um 50 m há með um 17 m vatnshalla, er á um 50 km langri leið frá vatnsbólunum að virkjum Rómverja og rennur vatnið að mestu leyti í undirgöngum. Mannvirkið stendur enn óhaggað og ber verkkunnáttu Rómverja fagurt vitni.

Virki Kaþara

Kaþarar hafa áður verið nefndir en þessi kristni sértrúarsöfnuður var páfanum þyrnir í augum. Í krossferð sinni á hendur þeim var beitt óvenju-



Henry Lincoln ræðir við „lærisveina“ sína og heldur á mynd af prestssetrinu.

legri hörku, virki þeirra brotin og þeir sjálfir brytjaðir niður eða brenndir. Frakkakonungur var hlynntur þessari krossferð og gæti þar að baki hafa legið að hann girntist fé kaþara, en þeir voru velmegandi. Eitt síðasta virki þeirra var Montségur, á illkleifum klettatindi. Þar vörðust þeir af mikilli hreysti og þolgæði en voru að lokum sviknir í hendur óvinanna af þaulvönum fjallaklifrurum sem leiddu herinn upp aftan að virkinu eftir áður ókleifri leið. Lauk þeirri orustu með því að 300 kaþarar voru brenndir á báli á engi fyrir neðan klettatindinn og voru konur og börn látin horfa á. Við heimsóttum þennan stað, Montségur, klifum upp í virkið og virtum fyrir okkur umrætt engi. Var ekki laust við að menn fyndu enn fnykinn af bálinu. Kona sem var leiðsögumaður okkar þennan dag sagðist vera kaþari og að svo væri um fjölda manna á svæðinu, þannig að páfa virðist hafa mistekist ætlunarverk sitt.

Á heimleiðinni til Carcassonne gerðum við stuttan stans í Limoux til að smakka freyðivínið þeirra en þeir segja að á þessum stað hafi kampa-vínið verið fundið upp af munkum snemma á miðöldum. Þeir fluttu síðan þekkinguna til Champagne héraðsins sem fékk heitið viðurkennt svo að enginn má nefna freyðivín því nafni nema hann hafi framleitt það í Champagne-héraðinu.

Kastali Musterisriddara

Nú var farið að síga nokkuð á seinni hluta okkar vikulöngu ferðar en við áttum þó eftir einn mjög áhugaverðan stað, þorpið La Couvertoirade, þar sem Musterisriddararnir byggðu kastala. La Couvertoirade liggur á kletthæð en umhverfis eru frjósamir akrar sem gáfu af sér mikið af korni. Uppbygging La Couvertoirade hófst með kastalabyggingunni en síðan myndaðist þorpið umhverfis hann. Virkismúrinn umhverfis þorpið og kastalann var hins vegar ekki byggður fyrir en undir 1400 eftir að Jóhannesarriddararnir höfðu fengið eignir Musterisriddaranna afhentar.


Það var magnað að ganga þarna um þröng strætin og víta að Musterisriddararnir höfðu gengið þarna fyrir nokkrum öldum. Sjálfur kastalinn er rústir einar en forhliðin stendur heilleg með mikilli inngangshurð merktri þeim með rauðum krossi. Að öðru leyti virtist þorpið vera mjög heillegt. Sérstakt var að sjá að rústir kastalans, sem eru merktar sem sögulegar minjar, eru í einkaeign og fylgdi sögunni að enn hefðu ekki fundist teikningar eða lýsingar á innviðum kastalans til að hægt væri að hefja endurbyggingu. Óhætt er að segja að heimsóknin til La Couvertoirade hafi verið mörgum í hópnum upplifun.

Frakkarnir teygja dálítið á tungumálalækkingu gesta sinna en allt gekk samt vel. Við vorum með sérstaka enskumælandi leiðsögumenn á flestum staðanna og bættum við eða undirbjuggum menn í rútunni á leiðinni til og frá. Það var sérstakt við þessa frímúrariferð að við vorum í engu sambandi við frímúrara. Ástæðan er sú að ekkert samband hefur verið við þá Reglu sem við höfum samband við í Frakklandi í allmörg ár. Í stað þess að fara á fundi iðkuðum við því bræðralagið af miklu kappi sem ekki var síður gefandi.

Þess má að lokum geta að ríkulegt efni er á Netinu um alla þá staði sem nefndir eru hér að framan.

Haukur Björnsson

„Þá ertu
orðinn
maður,
sonur
minn!“



Rudyard Kipling.

Besta kvæði allra tíma á ensku

Ljóðið „If“ er talið með frímúraraverkum Rudyards Kipling

Þór Jónsson tók saman

Athyglisgáfa, hugmyndaflug, sterk skynjun og frásagnargáfa tryggðu Rudyard Kipling (1865–1936), öndvegisskáldinu breska, bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1907. Tveimur árum síðar orti hann hið fræga en umdeilda ljóð *Ef* (*If* á frummálinu).


Bretar hafa kosið það besta kvæði allra tíma á ensku, þótt skáldjöfrar á borð við TS Eliot og George Orwell væru lítt hrifnir og hefðu seint greitt því atkvæði. Aðdáun Kiplings, sem var gildur bókmenntafulltrúi heimsvaldastefnu Breta, á foringja hinnar misheppnuðu Jameson-árásar á Búa árið 1895 stýrði penna hans, þegar hann orti þennan hvatningaróð handa syni sínum. Kipling fannst mannsbragur að því að Jameson, sem lét sér hvorki bregða við sár né bana, hefði verið þögull um hræsni breskra ráða-

manna, sem studdu árásina leynt en fordæmdu hana þegar hún mistókst.

Hvað sem þessu líður hefur ljóðið átt greiða leið að huga og hjarta bresku þjóðarinnar og má telja sennilegt að tvær heimsstyrjaldir ráði nokkru um það. Áminnstur sonur Kiplings féll í þeirri fyrri og lík hans fannst aldrei.

Rudyard Kipling gekk ungur í Frímúrararegluna. Ástæða er til að gera lífshlaupi hans nánari skil á þessum vettvangi síðar, en hér verður látið nægja að nefna að ljóðið *Ef* er oft talið með frímúraraverkum br. Kiplings – og skal engan undra sem les það og þekkir til frímúrarastarfsins.

Hinn rómaði þýðandi Magnús Ásgeirsson (1901–1955) snaraði ljóðinu yfir á íslensku og lét birta í fyrsta hefti tímaritsins Helgafell árið 1942, trúr upprunalegri merkingu þess, þótt ekki hafi hann sjálfur verið í Reglunni. Þýðingin er birt með leyfi dóttur Magnúsar, Ingunnar Þóru, ásamt upprunalegu ljóði Kiplings.



If

If you can keep your head when all about you
Are losing theirs and blaming it on you,
If you can trust yourself when all men doubt you,
But make allowance for their doubting too;
If you can wait and not be tired by waiting,
Or being lied about, don't deal in lies,
Or being hated, don't give way to hating,
And yet don't look too good, nor talk too wise:

If you can dream—and not make dreams your master;
If you can think—and not make thoughts your aim;
If you can meet with Triumph and Disaster
And treat those two impostors just the same;
If you can bear to hear the truth you've spoken
Twisted by knaves to make a trap for fools,
Or watch the things you gave your life to, broken,
And stoop and build 'em up with worn-out tools:

If you can make one heap of all your winnings
And risk it on one turn of pitch-and-toss,
And lose, and start again at your beginnings
And never breathe a word about your loss;
If you can force your heart and nerve and sinew
To serve your turn long after they are gone,
And so hold on when there is nothing in you
Except the Will which says to them: 'Hold on!'

If you can talk with crowds and keep your virtue,
Or walk with Kings—nor lose the common touch,
If neither foes nor loving friends can hurt you,
If all men count with you, but none too much;
If you can fill the unforgiving minute
With sixty seconds' worth of distance run,
Yours is the Earth and everything that's in it,
And—which is more—you'll be a Man, my son!

Eftir Rudyard Kipling.

Ef

Ef þú átt ró, er aðrir æðrazt hafa
og uppnám sitt og vanda kenna þér,
ef traust þín sjálfs er vaxið allra vafa,
og veiztu þó, að hann á rétt á sér,
ef kanntu í biðraun þoli þínu að halda
og þreyta án lygi tafl við grannans róg,
og láta ei heiftúð hatur endurgjalda,
en hafa lágt um dyggð og speki þó, –

Ef draumum ann þitt hjarta og hönd þín dáðum,
ef hugsun fleygri verðugt mark þú átt,
ef sigri og hrakför, blekkingunum báðum,
þú brugðizt getur við á sama hátt,
ef sannleik þínum veiztu snápa snúa
í snörur flóna, en bugast ekki af því,
og lítur höll þíns lífs í rústamúga,
en lotnu baki hleður grunn á ný, –

Ef treystist þú að hætta öllu í einu,
sem ævilangt þér vannst, í hæpið spil,
og tapa – og byrja á ný með ekki neinu
og nefna ei skaðann sem hann væri ei til,
ef færðu knúið hug og hönd til dáða,
er hafa bæði þegar lifað sig,
og þú átt frammar yfir engu að ráða,
nema aðeins vilja, er býður: Stattu þig! –

Ef höfðingi ertu í miðjum múgsins flokki
og málstað lýðsins trúir í konungsfylgd,
ef hóf sér kunna andúð þín og þokki,
og þó ertu ávallt heill í fæð og vild,
ef hverri stund, er flughröð frá þér líður,
að fullu svarar genginn spölur þinn,
er jörðin þín og það, sem lífið býður,
og þá ertu orðinn maður, sonur minn!

Magnús Ásgeirsson (1901–1955) þýddi.



Kristján H. Kristjánsson hefur víða farið, m.a. fór hann á fræðslufund í Pasadena, Kaliforníu.

Frímúrari á ferðalagi

Það hefur verið aðaláhugamál mitt í mörg ár að ferðast um heiminn og eftir að ég tók III° hefur mér gefist kostur á að kynna einnig bræðrum erlendis og frímúrarastarfi þeirra. Ég hef farið á fundi í Skotlandi, Englandi, Suður-Afríku, Singapore og Bandaríkjunum, auk þess að heimsækja frímúrarahús m.a. í Ástralíu og fleira sem tengist frímúrarastarfi.

Ekki eru öll frímúrarakerfi eins. Á Íslandi er hið svokallaða Sænska kerfi og fyrstu þrjú stigin nefnast Jóhannesarstig, en í Bretlandi eru þau nefnd: „Craft Lodges“ og í Bandaríkjunum: „Blue Lodges“. Þótt allar stúkurnar starfi eftir sömu grundvallarhugmynd er samt oft munur á þeim, sem hefur e.t.v. mótast vegna mismunandi hugsunarháttar þjóða. Athyglisvert er að sjá hvernig bræður reyna að ná markmiðum frímúrarastarfs með mismunandi hætti.

Margir bræður telja það flókið að heimsækja erlendar stúkur eða veigra sér við því, en mig langar að gefa nokkur ráð um heimsóknir, byggðar á minni reynslu.

Sjálfur undirbjó ég mig m.a. með



Kristján við frímúrarahúsið í Höfðaborg, Suður-Afríku, þar sem hann fór á fund á ungræðrastigi.

því að lesa Grundvallarskipunina, Leiðbeiningar fyrir embættismenn og Frímúrun erlendis, sem Grétar H. Óskarsson þýddi úr sænsku. Einnig fékk ég góðar upplýsingar og gögn á aðalskrifstofu Reglunnar. Hjá stúkunninni minni fékk ég frímúraravegabréf og er nauðsynlegt að endurnýja það eins og venjulegt vegabréf. Mér

finnst ágætt að hafa einnig með mér persónuskilríki til þess að sýna að ég er handahafi vegabréfsins. Með félagatalinu get ég svo sýnt á hvaða stigi ég er.

Heimsóknarréttur er takmarkaður við Frímúraraumdæmi, sem Frímúrarareglan á Íslandi viðurkennir lögleg og hefur samband við. Hér



Mörg frímúrarahús og söfn eru opin almenningi. Mynd þessi er tekin í The George Washington Masonic National Memorial í Alexandríu, Virginíu.

má geta þess að til þess að stórstúka teljist löglega stofnuð þarf hún að fá stofnskrá frá Ensku Stórstúkunni (The United Grand Lodge of England - UGLE), sem er háð loforði um að starfa samkvæmt siðum hennar og lögum. Frímúrarareglan hérlendis hefur ekki sambönd við allar þær Reglur sem eru viðurkenndar af UGLE. Það skiptir miklu máli að kunna að sanna að maður sé frímúrari í reglu, sem er lögleg og viðurkennd af þeirri sem maður heimsækir.

Listi yfir frímúrararumdæmi, sem við megum heimsækja, er í félagatalinu (bláu bókinni) og nauðsynlegt að nota ávallt nýjustu útgáfuna vegna þess að það kemur fyrir að ný umdæmi bætast við og samband rofni við önnur. Það er síðan auðvitað hægt að leita að þessum umdæmum á netinu til þess að finna heimilsföng og aðrar upplýsingar. Þó er hættan sú að maður finni óvart frímúrarareglu sem ber svipuð nafn, en er ekki viðurkennd. Þess vegna nota ég bókina: „List of Lodges Masonic“ sem ég fékk á aðalskrifstofunni, en einnig er hægt að kaupa hana hjá „Pantagraph Printing and Stationery Company“. Bókin er gefin út árlega. Ég vil vekja sérstaka athygli á að sumar frímúrarareglur eru með stúkur í mörgum löndum, t.d. er aftast í kaflanum um UGLE listi yfir „Overseas Lodges“.

Fyrir þá sem vilja kynna sér nánar sögu og tengsl frímúrarareglna mæli ég með bókinni; „Masonic Networks & Connections“ eftir James W. Daniel. Hann er fyrrverandi „Grand Secretary of the United Grand Lodge of

England“ og skrifaði bókina þegar hann var við doktorsnám við Sheffields-háskólann Englandi en þar er rannsóknamiðstöð í frímúrararæðum.

Þegar ég hef fundið frímúrarareglu, sem mig langar að heimsækja hringi ég á undan mér ef það er hægt eða fer einfaldlega á staðinn. Gjarnan eru skoðunarferðir fyrir almenning um frímúrarahús erlendis og finnst mér ágætt að byrja þar. Ef ég segist vilja fara á fund er kannað hvenær fundur er og einnig fæ ég upplýsingar um útbúnað, klæðnað og einkenni, sem ég fæ oft lánuð. Auðvitað hægt að taka með sér einkenni en ég hef ekki gert það vegna þess að ég heimsæki oft mörg lönd í röð. Í sumum er frímúrarastarf bannað og ég held að ég gæti jafnvel lent í vandræðum ef ég væri krafinn um að útskýra einkenni

fyrir tollþjónum eða landamæraverðum. Einnig heimsæki ég stundum lönd þar sem þjófnadir eru tíðir og hætta á að einkennum sé stolið.

Þegar ég mæti í frímúrarahús til þess að fara á fund tekur bróðir á móti mér. Stundum er ég prófaður og ég má auðvitað ekki fjalla um það hér. Bróðir fylgir mér síðan á fund og leiðbeinir mér um hvernig ég á að haga mér. Eftir fund er bróðurmáltíð og ég hef verið beðinn að flytja mjög stutt ávarp. Þá komu sér vel upplýsingar á ensku sem ég fékk á aðalskrifstofunni um Reglu okkar;

Það er sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í bróðurmáltíðum vegna að þá gefst tækifæri til þess að kynnst bræðrum og sumir hafa orðið fésbókarvinir mínir. Bróðurmáltíðir eru stundum í frímúrarahúsi en stundum annars staðar. Sem dæmi má nefna að eftir fund hjá Gradationstúkunni í Freemasons' Hall í London var farið á veitingastaðinn The Pillars of Hercules, sem hefur starfað frá árinu 1733. Hann er mjög frægur og kemur fyrir í bókinni: „A Tale Of Two Cities“ eftir Charles Dickens, sem kom út 1859 og hefur selst í meira en 200 milljónum eintaka. Á jarðhæðinni er veitingastaður fyrir almenning, en á efri hæð er sérstakur salur fyrir frímúrara. Mjög gaman var að spjalla við ensku bræðurna og bræður frá Rúmeníu sem voru í heimsókn.

Það er stundum talað um alþjóðlegt bræðralag frímúrarara og ég hef kynnst því í heimsóknnum mínum. Mér hefur alls staðar verið mjög vel tekið og ég vil hvetja bræður til þess að heimsækja stúkur erlendis.

Kristján H. Kristjánsson



Frímúrarahúsið í Singaporu þar sem Kristján fór á fund á meistarastiginu.

Bræðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður

Frá Skjalasafni Reglunnar

Lýst er eftir höfundu

Vorið 1945 var opnuð kaffistofa sem viðbót við húsnæði frímúrara í Austurstræti 16. Í janúar 2014 fundust í skjalasafni Reglunnar þessar gamanvísur sem greinilega eru ortar af því tilefni. Því miður er höfundar ekki getið. Nánari umfjöllun um vísurnar kemur síðar í Frímúrararannum.

Ef einhverjir bræður vita hver orti vísurnar eða hafa

tilgátur þar um, vinsamlegast hafið þá samband við undirritaðan í síma 892 1124 eða með tölvupósti, halldorba@simnet.is.

*Halldór Baldursson
Skjalavörður Reglunnar*



Það var einu sinni maður sem að keypti litla lóð, litla lóð, lóð, lóð, sem að þótti nokkuð góð, og þessi litla lóð, hún er þar sem Godthaab stóð, þar sem Godthaab, Godthaab, Godthaab gamla stóð.

Og þessi sami maður, hann hérna reisti höll, reisti höll, höll, höll, því að hann er sjálfur tröll, við ættum líka að muna það allir- eða öll, já, já, öll, öll, öll það, að enn má flytja fjöll.

Svo keypti húsið maður, sem að átti ekki neitt, ekki neitt, neitt, neitt, nema apótekið eitt, en enginn skildi hvernig eða hversu það var greitt, hversu greitt, greitt, greitt, en það gerir ekki neitt.

Hve hæðir voru margar í því húsi vissi ei neinn, ekki neinn, neinn, neinn, fyr en kom þar danskur sveinn, og hann lét okkur vita – og var nú ekki seinn, ekki seinn, seinn, seinn, og hann stóð hér beinn sem teinn.

Hann fann nú þessa hæð, sem við erum núna á, erum á, á, á, og því honum þakka má, hann sagði líka altaf: „Je e altid að að gá, að að gá, gá, gá, og reyne meire Plads að fá.“

Nú komið er í stand, sem var áður auðn og tóm, auðn og tóm, tóm, tóm, nema apóteksins gróm, en en sníkjulaust fær enginn hlotið himnaríkis blóm, hi- hi- himna- himna- himnaríkis blóm.

Gennemført kvalitet og service!





Autoriseret forhandler af:

- WKC Söllingen
- Eton Shirts
- Chesterfields
- Aleisa Chapeau Claque
- Taylor Of Old Bond Street
- Ahmet Çevem
- Zoffoli
- Resolute
- Panama Hats Ecuador
- Egen produktion
- Og mange flere.....










Hiram.dk

KUNDESERVICE@HIRAM.DK TLF. 51 51 97 97

BEKLÆDNING • BØGER • GAVEARTIKLER • HERREVÆRELSET • SMYKKER • SVÆRD



Mødrehjælpen VI STØTTER MØDREHJÆLPEN

HOLLRÁÐ VIÐ STARFSLOK



RÁÐGJÖF UM SPARNAD OG FJÁRFESTINGAR

Fjármál flækjast til muna þegar taka lífeyris hefst. Starfsfólk VÍB hefur sérhæft sig í fjármálum í aðdraganda og kjölfar starfsloka. Við höfum sett upp einfalda vefsíðu þar sem leitast er við að svara áleitnum spurningum er kunna að brenna á fólki á þessum tímamótum.

Kynntu þér málið á vib.is/60 eða bókaðu fund þér að kostnaðarlausu í síma **440 4900**.

- » Hvernig eru greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?
- » Hvernig og hvenær ætti ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?
- » Hvað þarf ég að vita varðandi skattkerfið?
- » Hvaða áhrif hefur ávöxtun sparifjár?

Að ferðast að sið frímúrara

Þegar við göngum inn í Frímúrara-regluna fáum við það einstaka tækifæri að fá að ferðast, að ferðast að sið frímúrara. Þessi vegferð sem þar hefst er að öllu leyti eitthvað sem einungis er upphafið af einhverju nýju. Í hvert skipti sem við svo ferðumst öðlumst við nýja þekkingu. Hér langar mig að benda bræðrum á mikilvægi ferðalaga okkar, en þó í öðrum skilningi, ferðalaga sem gefa okkur nýja sýn, nýtt bræðralag og góðar minningar.

Mælifellsbræður hafa haft, frá því að fullkomin stúka var stofnuð, hug á því að kynnast fleiri stúkum, ekki bara innanlands heldur einnig á erlendri grund. Frá árinu 2005 hefur það verið regla í stúkunni að fara utan í ferðalag á oddatöluári. Fyrst lá leiðin til Kaupmannahafnar árið 2005 þar sem stúkan „St. Joh. St. Rosenborg“ var sótt heim. Árið 2007 var London heimsótt þar sem bræður sóttu heim bræður í stúkunni „National Westminster Lodge No 3647“. Bræðralag er mikið milli okkar og þessarar stúku og komu nokkrir bræður í heimsókn til Mælifells síðastliðið vor og sóttu H&V fund Mælifells.

Árið 2011 var ferðinni heitið til Svíþjóðar, nánar tiltekið til Stokkhólms. Vel var tekið á móti okkur og haldinn fundur í stúkunni „St. Jóh.



Margir frímúrara hafa heimsótt Rosslyn-kirkjuna í Skotlandi.

St. Den Nordiska Första“. Árið 2013 fóru bræður til Edinborgar og sóttu fund í stúkunni „Edinburgh Castle No 1764“ og sumir náðu öðrum fundi á meðan dvöl stóð í stúkunni „Solomon No 1209“. Mikið og gott bræðralag hefur verið í þessum ferðum og heimsóknir á söfn frímúrara á stöðunum og Landsstúkur heimsóttar, salir skoðaðir og gengið í spor sögulegra bræðra og reynt að upplifa sögulega viðburði heimsins. Allt hefur þetta gefið einstaka sýn inn í starf bræðra og skilið efir ómetanlegar minningar. Ljód sem Sigurður Hansen orti í Londonferð 2007 lýsir þessu andrúmslofti afar vel og var þetta ljód sett yfir á ensku og gefið bræðrum í London:

*Þegar að líður að lokum
langar okkur að vaka
aðeins örlítið lengur
eins og gengur og gerist
því góðvina fundir geta
gefið svo margs að minnast.
(Sigurður Hansen)*

Ekki bara upplifunin á landi og þjóð ásamt bræðralaginu situr eftir við heimkomu bræðra, heldur líka mismunandi siðir og háttalag við framkvæmd funda. Einnig saga frímúrara á hverjum stað sem og staðir eða borgir sem geyma tákni og myndir sem fylgt hafa bræðrum í gegnum aldana rás. Dæmi um þetta var að í síðustu ferð, til Edinborgar, hafði ver-

ið skipulögð ferð í Rosslyn-kirkjuna. Í skoðunarferð um kirkjunna sáum við fullt af táknum og myndum sem við þekkjum úr starfinu. Sútur aftarlega í kirkjunni sögðu söguna um meistaran sem varð nema sínum að bana vegna afbrýðisemi. Þessi saga varpaði nýju ljósi á súlurnar okkar, visku, styrk og fegurð og jók skilning okkar á myndmáli Reglunnar, breyskleika mannsins og hversu mikið hin sanna mannrækt gefur okkur þegar við leitum að ljósi og sannleika. Við þá leit er einmitt mikilvægt að hafa styrk, visku og fegurð að leiðarljósi til að við getum breitt út þann boðskap sem við iðkum í reglustarfinu.

Þannig hafa allar ferðir ekki einvörðungu verið samfélag bræðra og mikil skemmtun, heldur einnig lærdómur. Lærdómur sem eftir situr hjá okkur bræðrum sem brýnir staðfestuna. Þannig má segja að þessar ferðir séu hluti af hinni stærri ferð sem við tökumst á hendur við upphaf okkar í Reglunni, þegar við förum okkar fyrstu ferð.

Því hvet ég alla bræður til að nota tækifærið til að ferðast á erlenda grundu að sið frímúara og ekki aðeins eiga yndislegt samfélag með bræðrum, heldur einnig dýpka skilning sinn á því máli sem leiðir okkur nær ljósinu um sannleikann um okkur sjálfa.

Jón Þorsteinn Sigurðsson



Jón Þorsteinn Sigurðsson fyrir utan Regluheimilið í Stokkhólmi.

Snertilausar greiðslur

Valitor býður örugga og hraðvirka posa með möguleika á snertilausum greiðslum



Valitor kynnir nýja posalausn sem gerir söluaðilum kleift að taka við **snertilausum greiðslum** sem gerðar eru með **korti eða síma**, auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Pú sérð um söluna, við sjáum um greiðsluna.

VALITOR

Gamlar myndir úr Ljósmyndasafninu



Þessi mynd er sennilega tekin á Stórhátíð 1955, en á henni eru frá vinstri: Arent Claessen, Carl Olsen og Guðmundur Loftsson.

Ljósmynd: Vígfus Sigurgeirsson



Danskir frímúrarar á Þingvöllum, í tilefni stofnunar St. Andr. st. Helgafells í júlí 1934.

Ljósmyndari óþekktur

Landssöfnun á ljósmyndum Reglunnar

Ein ljósmynd segir meira en þúsund orð. Þetta máltæki kemur auðveldlega upp í hugann þegar ljósmyndasafn Reglunnar er heimsótt.

Á ljósmyndasafninu eru geymdar myndir sem skjalfesta sögu frímúrarara á Íslandi frá árdaga starfsins til dagsins í dag, allt frá gömlum myndum af frumkvöðlum frímúrarastarfs á Íslandi til ljósmynda frá stofnfundi nýjustu stúkunnar. Á safninu er mikið af ljósmyndum úr félagsstarfi stúkna að ógleymdum öllum andlitsmyndum úr félagatalinu. Alls eru yfir 40 þúsund ljósmyndir nú þegar geymdar í safninu.

Með tilkomu stafrænnar tækni við myndatöku, myndvinnslu og varðveislu, hefur öll ljósmyndun orðið auðveldari en magn gagna margfaldast.

Eitt af hlutverkum ljósmyndasafns Reglunnar er að varðveita allar myndir Reglunnar. Í nýrri reglugerð um ljósmyndasafnið er kveðið á um að ljósmyndir Reglunnar skulu eingöngu varðveittar af ljósmyndasafni hennar. Þetta á við um ljósmyndir sem og hvers konar hreyfimyndir.

Í samræmi við þessa reglugerð safna safnverðir ljósmyndasafnsins saman öllum ljósmyndum og hreyfimyndum sem tengjast Reglunni og

færa þær inn í skipulegt geymslusafn, ásamt upplýsingum um viðfangsefni.

Myndir sem teknar hafa verið af bræðrum starfandi í stúkuhúsum um land allt eiga samkvæmt framansögðu einnig að geymast í ljósmyndasafninu, svo að öll ljósmyndasaga Reglunnar eigi sér einn fastan samastað.

Nú er að hefjast stórt átak í að safna saman myndum sem teknar hafa verið í tengslum við frímúrarastarfið um land allt. Þarna er bæði horft til eldri og yngri ljósmynda, sem allar

eiga að komast í örugga varðveislu hjá safninu.

Þeir bræður sem kunna að hafa í sínum fórum myndir úr frímúrararstarfinu sem eiga heima á ljósmyndasafninu eru beðnir um að hafa samband við starfsmenn safnsins í gegnum netfangið myndir@frimur.is, og leggja þannig sitt af mörkum til þess að saga frímúrarastarfs á Íslandi í myndum verði vel og skipulega varðveitt.

Regluheimilið – opnunartímar

Aðalskrifstofa Reglunnar

alla virka daga kl. 10-12 og 14-16

Bókasafn Reglunnar

Opið til útlána og lesturs frá 20. sept. til 30. apríl,

á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, kl. 17-18:30 og sunnudaga kl. 10-11:30

Bræðrastofa

Opið frá 20. sept. til 30. apríl, mánudaga-föstudaga, kl. 15-17 og sunnudaga kl. 10-12

Skjalasafn Reglunnar

Opið frá 20. sept. til 30. apríl, mánudaga-föstudaga, kl. 9:30-12:00

Minjasafn Reglunnar Borgartúni 4

Opið 20. sept. til 30. apríl á sunnudögum kl. 10-12

Minningarkort

Minningarkort Styrktarsjóðs Frímúrarareglunnar á Íslandi má panta á heimasíðu Reglunnar www.frimur.is, hjá aðalaskrifstofu í síma 510 7800

eða hjá bræðranefndum stúkna.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



STOFNUÐ 1996



Sverrir
Einarsson

Kristín
Ingólfssdóttir

Hinrik
Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



STOFNUÐ 1996

Ljósmynd: Jón Svavarsson



Ingimar Halldórsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.stúkunnar Hörpu

Þann 18. október sl. var St. Andr.stúkan Harpa stofnuð á Ísafirði, og um leið var settur í embætti nýr stólmeistari, br. Ingimar Halldórsson, af Allan V. Magnússyni HSM.

Ingimar fæddist í Hnífsdal þann 1. apríl 1949, sonur hjónanna Halldórs Pálssonar og Ingu Ingimarsdóttur. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Núpsskóla í Dýrafirði, var í Verslunarskóla Íslands einn vetur og útskrifaðist frá Samvinnuskólanum á Bifröst 1974. Frá hausti 1974 til ársins 1986 rak hann Reiknistofu Vestfjarða. Frá árinu 1986 var hann framkvæmdastjóri hjá Frosta hf. í Súðavík, þar sem hann starfaði í rúm 15 ár ásamt því að gegna fjölmörgum trúnaðarstörfum í félögum tengdum sjávarútvegi. Síðustu 10 ár hefur hann starfað hjá Vestfirskum verktökum sem skrifstofu- og fjármálastjóri.

Ingimar gekk í St. Jóh.stúkuna Njálu á Ísafirði 1993 og starfaði í henni meðal annars sem Sm. og Vm. Í mars 2013 tók hann við sem Stj.br. í fræðslustúkunninni Hörpu og gegndi því embætti þar til Harpa var vígð sem fullkomin stúka.

Ingimar er kvæntur Kristínu Karlsdóttur og eiga þau 2 börn og 4 barnabörn.

Ljósmynd: Jón Svavarsson



Einar Steingrímsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Hlés

Þann 15. nóvember sl. var St. Jóh.stúkan Hlér stofnuð í Vestmannaeyjum og um leið var settur í embætti nýr stólmeistari, br. Einar Steingrímsson, af Allan V. Magnússyni HSM.

Einar er fæddur í Vestmannaeyjum þann 22. desember árið 1951, sonur hjónanna Steingríms Arnar og Eyglóar Einarsdóttur, sem bæði eru látin. Hann tók gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja árið 1968 og hóf störf á Vestmannaeyjaflugvelli vorið 1967. Hann lauk námi í flugumferðarstjórn frá Flugmálastjórn Íslands árið 1972 og gegndi starfi flugumferðarstjóra á Vestmannaeyjaflugvelli frá janúar 1973 til starfsloka í lok árs 2013.

Einar gekk í St. Jóh.stúkuna Eddu árið 1991, en starfaði í St. Jóh.fr.st. Hlé í Vestmannaeyjum, þar sem hann hefur meðal annars gegnt embættum Y. og E. Vbr., v.Stj.br. og að lokum Stj.br., þar til stúkunninni var breytt í fullkomna St. Jóh.stúku.

Einar er kvæntur Guðnýju Óskarsdóttur, á 3 stjúpbörn, 12 barnabörn og eitt barnabarnabarn.

Ljósmynd: Sigurjón Arnarson



Guðmundur S. Sigurbjörnsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Njarðar

Þann 29. október sl. fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunninni Nirði. Kjörinn var br. Guðmundur S. Sigurbjörnsson, og var hann settur í embættið þann 5. nóvember af SMR, Vali Valssyni.

Guðmundur fæddist þann 26. desember árið 1954 á Akureyri. Foreldrar hans voru Sigurbjörn V. Þorsteinsson og Margrét Sigurðardóttir. Faðir hans og afi voru báðir frímúrarar. Hann lauk sveinsprófi í húsasmíði frá Iðnskólanum á Akureyri árið 1993 og starfaði í kjölfarið á Akureyri við smíðar og skíðakennslu. Árið 1987 flutti Guðmundur suður og stjórnaði fjölda byggingaframkvæmda um landið, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu.

Guðmundur gekk í St. Jóh.stúkuna Rún á Akureyri árið 1983, en flutti sig yfir í St. Jóh.stúkuna Njörð árið 2000. Hann hefur gegnt ýmsum embættum í St. Andr.stúkunum Huld og Hlín, sem aðst. Sm, aðst. L., L. og aðst. R. Í St. Jóh.stúkunninni Nirði hefur hann gegnt embættum L., Sm., E. Stv. og Vm.

Guðmundur er kvæntur Ásdísi Loftsdóttur fatahönnuði, og saman eiga þau 3 dætur, en fyrir átti Guðmundur son og dóttur.

jura®

Fyrir alla sem elska kaffi



EIRVÍK

Opið virka daga frá kl. 10:00-18:00 og laugardaga frá kl. 11:00-15:00 | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson



Jón Ásgeir Eyjólfsson.

Nýr stólmeistari St. Andr.stúkunnar Hlínar

Þann 7. október sl. fór fram stólmeistarakjör í St. Andr. stúkunni Hlín. Kjörinn var br. Jón Ásgeir Eyjólfsson, og var hann settur í embættið þann 21. október af SMR, Vali Valssyni.

Jón fæddist í Reykjavík þann 1. október 1946 og er sonur hjónanna Eyjólfs Jónssonar og Guðbjargar Ásgeirsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1968 og útskrifaðist sem tannlæknir frá Tannlæknadeild Háskóla Íslands 1978.

Jón starfaði fyrst sem tannlæknir í Vestmannaeyjum en síðar í Reykjavík. Hann hefur unnið töluvert að félags- og íþróttamálum, og hefur meðal annars verið formaður Tannlæknafélags Íslands, formaður handknattleiksdeildar Stjórnunnar og Nesklúbbsins, auk þess að starfa sem forseti Gólf sambands Íslands.

Jón gekk í Frímúrararegluna árið 1992, starfaði fyrst í Eddu en færði sig síðan yfir í Fjölni. Innan Reglunnar hefur hann starfað lengi í embættum í Hlín, lengst af sem Y. Stv. og síðar Vm. Hann er kvæntur Margréti Teitsdóttur og eiga þau einn son og þrjú barnabörn.

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson



Ómar Ásgeirsson.

Nýr stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Röðuls

Þann 15. október sl. fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunni Röðul.

Kjörinn var br. Ómar Ásgeirsson og var hann settur í embættið af SMR, Vali Valssyni, þann 29. október.

Ómar fæddist á Húsavík 9. júlí 1960, sonur hjónanna Ásgeirs Bjarnasonar og Jónu H. Guðjónsdóttur.

Ómar stundaði nám í bakaraiðni við Iðnskólann á Húsavík, lauk þaðan prófi árið 1980 og hlaut meistara-rettindi 1982. Hann hefur starfað sem bakari síðan, þar af 2 ár í Svíþjóð og 5 ár í Ástralíu. Árið 1992 festi hann kaup á Kokuvali á Hellu, og hefur rekið það síðan.

Ómar gekk í St. Jóh.stúkuna Röðul þann 9. febrúar 1994. Hann hefur lengi starfað í embættum innan Röðuls, sem Sm. stúkunnar og Vm. Hann var einn af stofnendum St. Jóh.stúkunnar Snorra og starfaði þar sem Sm.

Ómar er kvæntur Ástu Halldórsdóttur og eiga þau 4 börn og 5 barnabörn.

Ljósmynd: Sigurður Júlíusson



Þorgeir A. Þorgeirsson.

Nýr húsverður Regluheimilisins í Reykjavík

Í haust tók Þorgeir A. Þorgeirsson við starfi húsvarðar Regluheimilisins í Reykjavík.

Þorgeir, sem fæddur er í Reykjavík þann 17. nóvember 1953, lauk iðnnámi í dúkklagningu og veggfóðrun árið 1972 og hefur unnið við iðn sína síðan. Br. Þorgeir gekk í St. Jóh.st. Eddu árið 1983, og hefur gegnt starfi a.Kv. síðan 2009. Hann er giftur Jónu Rebekku Högnadóttur, og eiga þau þrjú börn, sjö barnabörn og tvö barnabarnabörn.

Um leið og br. Þorgeir er boðinn velkominn til starfa, eru br. Trausta Laufdal Jónssyni þökkuð vel unnin störf á sama vettvangi.


**Minningarkort
bræðranefndar fást
á www.frmr.is**



TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS**



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkonnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is


Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Ifö

NÝ LÍNA AF BAÐINNRETTINGUM FRÁ IFÖ

Baðinnréttingar eru fánlegar:

hvítar háglans – hvítar mattar – ljósbrúnar – dökkgráar – svört eik

Allt í baðherbergið frá A til IFÖ

Opíð virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is



Tímadjásn

Gallery Gull

Handsmíði




Grímsbæ við Bústaðaveg

Sími 553 9260

„Næsta skref er að spara fyrir stærri íbúð“

Hvort sem ætlunin er að safna fyrir
húsi eða fara í ferðalag þá er alltaf
skynsamlegt að leggja fyrir.

landsbankinn.is/istuttumali



Halldóra Guðmundsdóttir
Viðskiptavinur Landsbankans

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Fjöldmennir var á fræðsluþinginu Jóhannes III.

Fræðsluþing í fyrsta flokki á III^o

Venju samkvæmt hefur Fræðaráð undir styrki forystu oddvita, Péturs Kr. Esrasonar, YAR, með höndum

fræðsluþing fyrir bræður í Reglunni Þessir árlegu fundir, þar sem lögð er áhersla á fræðslu mismunandi stiga,,

hafa mælst vel fyrir sem sést ekki síst á þeim mikla fjölda bræðra sem mætir til þessara fræðsluþinga.



Forvígismenn fræðsluþingsins Jóhannes III.



Ljósmynd: Jón Svavarsson

Það sem af er vetri hafa tvö fræðsluþing verið haldin. Hið síðara, sem haldið var nú í lok nóvember, var Kapitulinn VII, sem nánar verður sagt frá síðar. Hið fyrra, sem var í lok októbermánaðar, var fræðsluþingið Jóhannes III, og eins og nafnið gefur til kynna var þar lögð höfuðáhersla á III^o Reglunnar og þátttaka bundin við bræður sem náð hafa því stigi og ofar.

Pingið, sem var afar vel sótt, hófst kl. 14:00 og ávarpaði YAR, Pétur Kr. Esrason fundinn en Guðmundur Guðmundsson, varaoddviti Fræðaráðs, kom að skipulagningu fundanna, sem fræðslunefnd, undir handleiðslu sr. Kristjáns Björnssonar, formanns fræðslunefndar, stendur að í samvinnu við Landsstúkuna. Á fundinum héldu þrír bræður fróðleg og upplýsandi erindi. Þeir voru br. Ólafur Magnússon, br. Eggert Claessen og sr. Þórsteinn Ragnarsson.

Eftir hvert erindi stýrði br. Gunnar Þórólfsson umræðum sem eins og efnið býður upp á, urðu líflegar og upplýsandi.

Frá Minjasafni Reglunnar



Ljósmynd: Ljósmyndasafni FRMR/Guðmundur SKúli

Öskubakki með kínverskum peningi frá árinu 1912.

Forvitnilegur öskubakki

Starf okkar Minjavarða á safni Frímúrarareglunnar er ansi fjölbreytt oft á tíðum. Felur það í sér að við skoðum muni, leitum í skráningu á hlutum, og oft kemur fyrir að við „finnum“ hlut sem vantar alla skráningu, þ.e. hvaðan og hvers vegna er hann hér og hver kom með hann? Fyrir skömmu „fundum“ við ansi skemmtilegan og hversdagslegan hlut, þó kannski ekki hversdagslegan nú á tímum. Um er að ræða öskubakka en við, sem eldri erum, vitum til hvers hann var á heimilum manna hér áður fyrr! Þetta er silfuröskubakki með kínverskum peningi í miðið, en þessi silfurpeningur er frá árinu 1912 eða ári 1 á kínversku tímatali frá héraðinu Szechuan í Suður-Kína, en það er stofnár lýðveldisins Kína.

Tímabil keisaraveldis miðaðist ávallt við 60 ár, með einni undantekningu þó, og var tímabilið yfirleitt nefnt eftir keisaranum hverju sinni. Ávallt var byrjað á 1. ári viðkomandi keisara.

Þessi peningur er sleginn 1912 í vélum sem komu frá New Jersey í Bandaríkjunum og sá herstjórnin í

Szechuan-héraði um útgáfuna. Þetta er 1 juan, eða 1 dollar. Sumir telja að hér sé um mikil verðmæti að ræða og vissulega má segja það. Þetta mun vera eini kínverski hluturinn á Minjasafni Reglunnar svo vitað sé.

Áletranir á röndum bakkans eru forvitnilegar, en á einum stað er nafn St. Jóh.st. Eddu, síðan ártalið 59391177, sem sagt gefinn 7.11.1939. Hvað sjöan aftast táknar er hins vegar ráðgáta. Síðan kemur áletrunin 1 atkv. sem er ekki skýrð nánar hvað þýðir. Þessi bakki hefur örugglega verið afhentur á fundi í stúkunnni Eddu því 7. nóvember 1939 var þriðjudagur, fundardagur Eddu.

Á einum stað er einnig merkið Yin-Yang ágrafið, en það er sem kunnugt kínverskt tákn, gjarnan notað sem mótstæðir pólur, en einnig sem samverkandi pólur, þ.e. allir hlutir hafa yin-yang, skuggi er ekki til nema fyrir tilstilli ljóss.

Kannski vita einhverjir meira um þennan bakka en við hér á safninu. Allar upplýsingar eru vel þegnar.

Þjónusta og gæði

SAMSKIP

www.samskip.is



lakehotel.is



Alhliða múrverk, sögun, borun
Vélslipum plötur
Sími 864 8842
husid-thitt.is

RAFTEYMI
Löggiiltur rafverktaki

rafteymi.is



austfjardaleid.is



Urðarteig 22, 740 Neskaupstað

Bólholt

www.bolholt.com



www.eskja.is



Lagarfelli 4, Egilsstöðum

sbk
Hópförðir • Keflavík Coaches
www.sbk.is



Alhliða raflagnir • heimilistækni
Sportvörur • Gjöfávörur • Skólavörur

Heiðartúni 2 • 250 Gardi
sími 422 7103 • GSM 892 9812 • tölvupóstur: rafsi@centrum.is



LAUNAFL
Hraun 3
730 Reyðarfjörður
Sími 414 9400
launafli.is



www.3frakkar.com

Hjá Úlfari

NÝ SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

KORTA ÞJÓNUSTAN
www.korta.is



www.kjarnafaedi.is

Bananar ehf.
www.banar.is

Ekran
www.ekran.is

HS ORKA HF
www.hsorka.is

mbli.is

Leitið ekki langt yfir skammt

 <p>www.hjonsson.is</p>	 <p>www.quorum.is</p>	 <p>www.pacta.is</p>
 <p><i>Ópið frá 7 til 21 alla daga vikunnar Sudurlandsbraut 4</i></p> <p>CHIQWA</p>		 <p>overcast software www.overcast.io</p>
 <p>Icelandic Export Center Ltd. Íslenska útflutningsmiðstöðin hf.</p> <p>www.iec.is</p>		 <p>LÁSHÚSID EHF. Sími 557 5100 / Fax 557 5010 Bildshöfða 16 / 110 Reykjavík lashusid@lashusid.is</p>
 <p>LYRA www.lyra.is</p>	 <p>www.marport.com</p>	 <p>MÚLARADIÓ rafeindabjónusta www.mularadio.is</p>
 <p>www.ormsson.is</p>	 <p>Otto B. Arnar ehf. www.oba.is</p>	<p>Endurskoðun & reikingskil Stangarhyl 5 110 Reykjavík, sími 567 4110</p>
	 <p>Strandgötu 39, Eskifirði</p>	 <p>THG ARKITEKTAR</p>
 <p>LANDARK</p>	<p>Léttak Hæðargerði 27 Reyðarfirði</p>	 <p>Stjornublástur ehf. Fjarðargötu 1, Seyðisfirði Sími 472 1300</p>

In memoriam

Látnir bræður

1. nóvember 2013 – 30. október 2014

Aðalbjörn Þór Kjartansson, X Gimli
F. 08.02.1943. R. 16.02.1981. D. 10.05.2014

Ágúst Haraldsson, IX Edda
F. 25.08.1930. R. 18.03.1974. D. 13.08.2014

Áki Stefánsson, X Rún
F. 23.11.1930. R. 17.04.1974. D. 14.12.2013

Barði Friðriksson, IX Gimli
F. 28.03.1922. R. 27.03.1961. D. 22.04.2014

Bernótus Kristjánsson, X Gimli
F. 17.09.1925. R. 16.04.1959. D. 29.09.2014

Birgir Stefánsson, X Edda
F. 11.09.1928. R. 22.03.1966. D. 10.08.2014

Bjarni Gestsson, X Rún
F. 26.02.1930. R. 19.01.1966. D. 19.11.2013

Björn R. Einarsson, VIII Glitnir
F. 16.05.1923. R. 21.11.1984. D. 19.05.2014

Björn Jónasson, X Rún
F. 04.06.1945. R. 17.10.1981. D. 10.07.2014

Björn Ómar Jónsson, X Edda
F. 03.10.1939. R. 12.11.1974. D. 11.03.2014

Einar Helgason, IX Edda
F. 09.08.1925. R. 07.12.1971. D. 14.01.2014

Eiríkur Ásgeirsson, X Edda
F. 07.11.1933. R. 18.04.1972. D. 15.03.2014

Geir Konráð Björnsson, X Akur
F. 09.06.1935. R. 26.11.1973. D. 08.03.2014

Geir Runólfsson, IX Edda
F. 02.10.1926. R. 05.11.1974. D. 02.08.2014

Guðjón Guðjónsson, X Hamar
F. 19.11.1928. R. 21.11.1972. D. 08.04.2014

Guðmundur Jóhannsson, X Sindri
F. 06.11.1929. R. 28.03.1977. D. 18.08.2014

Guðmundur Jón Jóhannsson, IX Mímir
F. 18.12.1919. R. 14.04.1980. D. 17.10.2014

Guðmundur S. Jónsson, X Edda
F. 02.10.1938. R. 29.10.1968. D. 03.08.2014

Guðmundur Reykdal Karlsson, X Edda
F. 21.02.1931. R. 15.01.1963. D. 13.10.2014

Gunnar Finnbogason, IX Hamar
F. 06.02.1939. R. 06.02.1974. D. 12.05.2014

Gunnlaugur G. Einarsson, X Mímir
F. 09.11.1948. R. 01.12.1976. D. 15.03.2014

Hafsteinn Ingvarsson, III Edda
F. 12.10.1932. R. 22.02.1972. D. 29.01.2014

Halfreður Björgvin Lárusson, IX Akur
F. 11.01.1938. R. 15.04.1996. D. 18.04.2014

Haraldur Örn Sigurðsson, X Mímir
F. 01.04.1924. R. 05.12.1955. D. 14.09.2014

Helgi Biering Daniélsson, X Akur
F. 16.04.1933. R. 30.01.1962. D. 01.05.2014

Ingólfur Vestmann Einarsson, IX Glitnir
F. 17.05.1953. R. 27.10.1982. D. 03.12.2013

Ingvar Georgsson, VIII Mímir
F. 26.08.1943. R. 19.03.2001. D. 16.09.2014

Jón Hákon Magnússon, X Glitnir
F. 12.09.1941. R. 18.04.1967. D. 18.07.2014

Karl Guðmundsson, R&K
F. 01.09.1924. R. 22.11.1955. D. 07.02.2014

Karl Ómar Jónsson, X Mímir
F. 05.07.1927. R. 03.02.1975. D. 23.02.2014

Knútur Björnsson, X Hamar
F. 01.05.1930. R. 15.11.1977. D. 26.08.2014

Lúðvíg Björn Albertsson, X Glitnir
F. 30.07.1938. R. 11.04.1984. D. 08.08.2014

Manuel Arjona Cejudo, VIII Gimli
F. 04.10.1948. R. 08.03.2004. D. 30.03.2014

Ólafur Hreiðar Árnason, X Edda
F. 01.09.1926. R. 02.04.1957. D. 20.06.2014

Ólafur Þorsteinsson, X Edda
F. 14.07.1929. R. 09.04.1974. D. 13.07.2014

Páll Þór Skúli Þórhallsson, IX Glitnir
F. 15.06.1935. R. 20.10.1976. D. 06.11.2013

Reynir Hauksson, VIII Edda
F. 12.07.1945. R. 30.01.1996. D. 04.10.2014

Reynir Þorgrímsson, IX Edda
F. 07.10.1936. R. 20.04.1982. D. 01.05.2014

Sigurður Arnar Magnússon, VIII Rún
F. 07.05.1962. R. 23.10.2002. D. 17.10.2014

Sigurður Emil Marinósson, IX Gimli
F. 21.10.1929. R. 25.11.1974. D. 15.08.2014

Stefán Jón Snæbjörnsson, X Edda
F. 16.02.1937. R. 27.02.1973. D. 20.10.2014

Sveinn Ben. Guðmundsson, X Mímir
F. 07.02.1923. R. 08.11.1965. D. 31.10.2013

Sveinn Jóhannsson, IX Akur
F. 13.02.1929. R. 14.01.1974. D. 22.11.2013

Sverrir Jónsson, X Mímir
F. 06.03.1924. R. 27.12.1972. D. 19.10.2014

Teitur Birgisson, IX Rún
F. 06.12.1969. R. 02.03.1994. D. 01.03.2014

Örn Þór Karlsson, X Mímir
F. 23.10.1929. R. 21.10.1963. D. 11.06.2014



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn.



er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN



Goðafoss frá Michelsen

Kynnum með stolti nýju fossalínuna frá Michelsen. Íslensk hönnun innblásin af stórbrotinni náttúru og glæsilegum fossum.

Úrið Goðafoss er gert úr hágæða ryðfríu stáli með svartri húðun og handgerðri skífu. Handtrekt svissneskt úrverk, sett saman og fullklárað af fjórðu kynslóð Michelsen úrsmiða. Úrið er fánlegt með mismunandi ólum þ.á.m. íslensku hlýraróði.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909